

BRIDGE



*Bridshátíð
Íslandsmótin
Rottneros
Sagntækni
Sagnkeppni
NL í Færeyjum
EM í Menton*

1 • 2003

Norður

♠ ÁÐ86

♥ Ð106

♦ 7542

♣ 62

Vestur

♠ Kq1093

♥ 7

♦ Ð83

♣ 10954

4 hjörtu

Austur

♠ 74

♥ 852

♦ Á1096

♣ ÁKÐ8

Suður

♠ 52

♥ ÁKq943

♦ Kq

♣ q73

Spil vesturs

Spil 1 ♠ KG5
V/Enginn ♥ 7
♦ ÁKD85
♣ ÁK73

Spil 2 ♠ K4
V/NS ♥ ÁD7
♦ 10962
♣ KDG5

Spil 3 ♠ G64
V/NS ♥ ÁKG5
♦ G3
♣ KD107

Spil 4 ♠ Á7643
A/AV ♥ 642
♦ K8
♣ Á64

Spil 5 ♠ K96
V/AV ♥ KDG75
♦ 7
♣ Á1094

Spil 6 ♠ KD764
V/AV ♥ D7
♦ G1032
♣ 105

Spil 7 ♠ K
A/NS ♥ G109753
♦ 642
♣ K63

Spil 8 ♠ D10843
V/AV ♥ ÁKD5
♦ Á72
♣ 6

Spil 9 ♠ ÁK5
A/NS ♥ 4
♦ K10872
♣ ÁD43

Spil 10 ♠ D8
A/NS ♥ 54
♦ ÁKG987
♣ K94

LAUSN Á FORSÍÐUÞRAUT

Árið 1979 kom út merkileg bók í samvinnu Skotans Hugh Kelsey og Ungverjans Géza Ottliks. Bókin heitir *Adventurers in Card Play* á ensku og fjallar að mestu um ævintýralegar endastöður, sem ekki er á hvers manns færi að ná upp við spilaborðið. Ein endastaðan sem greind er í bókinni byggist á þvingun í þremur litum, þar á meðal tromplitnum, en fjórða hótunin er yfirvofandi fjölgun trompslaga með öfugum blindum. Í bókinni er þvingunin nefnd *rothöggið* og þetta er eitt af dæmum þeirra félaga:

(1)

NORÐUR			
♠	ÁD86		
♥	D106	A/NS	
♦	7542		
♣	62		
VESTUR		AUSTUR	
♠	KG1093	♠	74
♥	7	♥	852
♦	D83	♦	Á1096
♣	10954	♣	ÁKD8
SUDUR			
♠	52		
♥	ÁKG943		
♦	KG		
♣	G73		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-- ♠	-- ♥	1 ♦	1 ♥
1 ♠	2 ♥	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥ ///		

Vestur spilar út tígulþristi. Austur tekur með ás og skiptir yfir í tromp.

svo spaða á ás og trompar spaða. Nú loks er slagur gefinn á lauf:

(2)

NORÐUR			
♠	8		
♥	D10		
♦	7		
♣	6		
VESTUR		AUSTUR	
♠	KG	♠	-
♥	-	♥	85
♦	-	♦	10
♣	1095	♣	ÁK
SUDUR			
♠	-		
♥	KG9		
♦	-		
♣	G7		

Austur er inni í þessari stöðu og verður að trompa út. Blindur fær þann slag á tíuna og spaða er spilað úr borði:

(3)

NORÐUR			
♠	8		
♥	D		
♦	7		
♣	6		
VESTUR		AUSTUR	
♠	K	♠	-
♥	-	♥	8
♦	-	♦	10
♣	1094	♣	ÁK
SUDUR			
♠	-		
♥	KG		
♦	-		
♣	G7		

Trompútspil er betra fyrir vörnina, en svo virðist sem austur hafi bjargað málnum með því að spila trompi í öðrum slag. Nú er vörnin fetinu frammar í kapphlaupinu um laufstungu í blindum.

En óxull fylgir framdrifi, eins og sagt er. Austur er nú bundinn við að trompa út í hvert skipti sem hann kemst að og gerir ekki annað á meðan. Sagnhafi tekur á hjartaás, leggur niður tígulkóng, svínar spaðadrottningu og stingur tígul. Spilar

Það er rothöggið. Austur er þvingaður í þremur litum. Ef hann hendir tígli er sjöan frí og þá trompar sagnhafi með kóng og tekur síðasta trompið með drottningu blinds. Hendi austur laufi má fría slag á gosann, og auðvitað gengur ekki að trompa með áttunni, því þá verður hægt að stinga lauf í borði.



Forsíðan

Sveit Íslenskra aðalverktaka fangar sigri á Íslandsmótinu. Frá vinstri: Matthías Gísli Þorvaldsson, Sævar Þorbjörnsson, Bjarni Hólmar Einarsson, Þröstur Ingimarsson, Sigurbjörn Haraldsson og Anton Haraldsson.

BRIDGE

18. ÁRGANGUR, TÖLUBLAÐ 69

Ritstjóri og áb.m: Guðm. P. Arnarson
Póstfang: Pósthólf 8661 - 128 Reykjavík
Netfang: GPA@simnet.is
Símar: 564-4247 og 898-5427

Bridshátíðin fór að vanda fram um miðjan febrúar og var þátttaka mjög góð: 132 pör í tvímenninum og 80 sveitir í Flugleiðamótinu. Zia og Boye Brogeland unnu tvímenninn, en lið Subaru sveitakeppnina.

ÓLGA heimsfélanna setti svip sinn á Bridshátíð: yfirvofandi stríð í Írak og kurr í samskiptum kjarnorkuveldanna Pakistans og Indlands. Kannski var það þess vegna sem skari stórspilara víða að úr heiminum kom til að spila við okkur á klakanum, margir á eigin kostnað. Í augum útlendinga hefur Ísland á sér yfirbragð griðlands, þar sem fámenni og risjótt veðrátt veitir skjól frá hettum heimsins. Zia var greinilega brugðið: Í hefðbundinni lokaræðu vék hann að ótryggu ástandi heimsála og sagðist vona að sonur sinn ungur gæti síðar meir átt athvarf á Íslandi þegar búíð væri að sprengja allan heiminn í tætlur. En það er stutt í húmorinn hjá heimsmanninum Zia: Þótt Íslendingar séu blessunarlega lausir við hryðjuverk á götum úti og ekki sé vitað til þess að Davíð og Halldór séu að koma sér upp kjarnorkuvopnum, er enginn óhultur við íslenskt spilaborð. Þar er sprengjum varpað í allar áttir og vopn í notkun með geryðandi áhrifum sem útlendingum eru framandi. Zia stakk upp á því að vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna tæku þegar til starfa við íslensk spilaborð úr því þeir fengju ekkert að gera í Írak. Hér væri verk að vinna.

En auðvitað er Zia ánægður á Íslandi - hann vinnur alltaf. Í ár var það tvímenningurinn. Meðreiðarsveinn Zia í þeim leik var Norðmaðurinn ungi, Boye Brogeland, sem reynir nú fyrir sér í atvinnumenskunni Vestanhafs og fetar þar í djúp fótspor samlanda síns, Geirs Helgemos. Annar skandinavískur landnemi í Bandaríkjunum er Sviinn Björn Fallenius. Hann varð í öðru sæti tvímenningsins með Bandaríkjamanninum Roy Welland. Hrannar Erlingsson og Júlíus Sigurjónsson stóðu sig best íslensku paranna og náðu þriðja sæti og Hermann Friðriksson varð fjórði með þremur makkerum! (Magnúsi Torfasyni, Garðari Hilmarssyni og Guðmundi Þ. Gunnarssyni).

Úrslit tvímenningsins:

Zia Mahmood - Boye Brogeland (57,7%)	918
Björn Fallenius - Roy Welland	906
Hrannar Erlingsson - Júlíus Sigurjónsson	777
Hermann Friðriksson - Guðm. Þ. Gunnarsson	761
Peter Fredin - Magnus Lindquist	633
Peter Bertheu - Fredrik Nyström	615
Aðalsteinn Jörgensen - Sverrir G. Ármannsson	594
Lars Blakset - Sören Christiansen	576
Ásmundur Pálsson - Guðm. P. Arnarson	560
Guðm. Sv. Hermannsson - Helgi Jóhannsson	551
Janet De Botton - Geir Helgemo	548

EINS og títt er um “ný” pör var sagnskilningurinn ekki alltaf sá sami hjá þeim Zia og Boga. Einkum voru þeir ósamstíga í háloftunum, þegar slemma var inni í myndinni:

NORÐUR		
♠ KG9		N/Allir
♥ K543		
♦ K653		
♣ Á10		
VESTUR		AUSTUR
♠ 5		♠ 862
♥ ÁG76		♥ 1082
♦ G1098		♦ D72
♣ 9654		♣ KG87
SUDUR		
♠ ÁD10743		
♥ D9		
♦ Á4		
♣ D32		

Zia og Boye voru í NS gegn bræðrunum Jóni og Ásgrími Sigurbjörnssonum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ásgrímur	Zia	Jón	Boye
--	1 ♦	Pass	2 ♠
Pass	3 ♠	Pass	4 ♠
Pass	6 ♠	Allir pass	

Samkvæmt bandarískri hefð vantar Boye a.m.k. einn kóng til að eiga fyrir 2♠ og því keyrir Zia þessa vonlitlu slemmu. En þessar “klossuðu” sagnir gerðu Ásgrími erfitt fyrir með útsplið og hann kaus að leggja niður hjartaás, enda gat Jón hæglega átt kónginn. Ásgrímur skipti yfir í lauf í öðrum slag og Boye stóðst þá freistingu að hleypa á drottninguna. Þess í stað gerði hann út á tvöfalda kastþröng. Hann stakk upp ás, tók tvisvar tromp, svo hjartadrottningu og þriðja trompið í borði. Hann henti laufi í hjartakóng, fór heim á tígulás og spilaði trompunum í botn:



Zia og Boye sælir á svip í mótslok.

NORÐUR		
♠ -		
♥ 5		
♦ K6		
♣ -		
VESTUR		AUSTUR
♠ -		♠ -
♥ G		♥ -
♦ G10		♦ D7
♣ -		♣ K
SUDUR		
♠ 3		
♥ -		
♦ 4		
♣ D		

Spaðaþristurinn lauk verkinu í þessari stöðu: Ásgrímur varð að halda í hæsta hjarta, Jón í hæsta lauf, svo hvorugur gat staðið vörð um tígulinn. Tígulsexan varð tólfti slagurinn. Spilið gaf NS 129 stig af 130 mögulegum.

NÆSTA dæmi er úr sveitakeppninni og þar kom vestur til bjargar á ögurstundu:

NORÐUR			
♠ 95		V/Allir	
♥ ÁD			
♦ ÁK106			
♣ KD1042			
VESTUR		AUSTUR	
♠ 4		♠ ÁDG632	
♥ G7643		♥ 8	
♦ DG984		♦ 753	
♣ G5		♣ 963	
SUDUR			
♠ K1087			
♥ K10952			
♦ 2			
♣ Á87			
Vestur	Norður	Austur	Suður
	Boye		Zia
Pass	1 ♣	1 ♠	2 ♥
Pass	3 ♦	Pass	3 G
Pass	4 ♥	Pass	5 ♣
Pass	5 ♥	Pass	Pass
Dobl (?)	5 G	Pass	Pass
Dobl	Allir pass		

KM BYGG
Miðvangi 41 220 Hafnarfirði
555-1983 & 898-2684

Sagnir eru blátt áfram og eðlilegar fram að fimm laufum Zia, sem hann meinti sem eðlilega sögn, en Boye taldi að um fyrirstöðu væri að ræða með hjartaslemmu í huga. Frá hans bæjardyrum vantaði því ÁK í spaða og hann hugðist stansa í 5♥. Sá samningur lekur einn niður: vörnin fær á spaðaás og eina stungu, og síðan fær vestur slag á hjartagosann í fyllingu tímans. Ónefndur vestur féll í þá freistni að dubla út á gosann fimmta. Boye trúði andstöðunni betur en Zia og breytti í 5G, sem unnust eggslétt.

Í HVERRI pásu hélt Zia fyrirlestur yfir Boye um kerfið og það bar auðvitað nokkurn árangur. Þeir voru til dæmis vel ræddir í þessu spili tvímenningsins:

NORDUR			
♠ ÁKG103			
♥ K107 A/NS			
♦ K7653			
♣ --			
VESTUR		AUSTUR	
♠ D8654		♠ 97	
♥ 6		♥ 854	
♦ DG84		♦ 92	
♣ K74		♣ DG10865	
SUDUR			
♠ 2			
♥ ÁDG932			
♦ Á10			
♣ Á932			
Vestur	Norður	Austur	Suður
--	Boye	Pass	Zia
Pass	1 ♠	Pass	1 ♥
Pass	5 ♣	Pass	3 ♥
Pass	7 ♥	Allir pass	5 G

Stökk Zia í 3♥ sýndi góðan lit, en var þó ekki krafa. Eftir þessa byrjun hafði Boye aðeins áhuga á þremur spilum: hjartaás, hjartadrottningu og tígulás. Og hann spurði einfaldlega um þau með 5♣! Þar var á ferðinni *Exclusion Roman Key Card*, en þá eru stökk upp á fimmta þrep í slemmuleit spurning um lykilsplil fyrir utan sagðan lit. Svörin eru í þrepum og Zia sýndi tvö lykilsplil og hjartadrottningu með 5G. Sem var allt sem Boye þurfti til að segja sjö. Magir náðu reyndar al-slemmumni, enda á suður laufásinn líka svo hin hefðbundna áspurning á 4G leysir vandann í þetta sinn.

Liðsmenn Subaru með verðlaunaskildi sína fyrir fyrsta sætið. Frá vinstri: Þorlákur Jónsson, Sverrir Gaukur Ármannsson, Jón Baldursson og Aðalsteinn Jörgensen.

SUBARUSVEITIN var óstöðvandi í Flugleiðamótinu og vann öruggan sigur með 20.5 stig að meðaltali í 10 leikum.

Úrslitin:

Subarusveitin	205
Lars Blakset	188
ÍAV	187
Grant Thorton	179
Þrír Frakkar	179
PricewaterhouseCoopers	179
Svíþjóð	177
Zia Mahmood	176
Skeljungur	175
Lila Panahpour	174

Lengi framan af voru Danirnir í sveit Lars Blakset í baráttunni, en þeir guldu afhroð gegn Subarusveitinni, sem náði fullnaðarsigri, 25-5 í tiltölulega rólegum spilum. "Okkar besti leikur," sagði fyrirliðinn Jón Baldursson, "þéttur og vel spilaður á báðum borðum".

NORDUR			
♠ 4			
♥ 43 V/Enginn			
♦ ÁD1097			
♣ 108754			
VESTUR		AUSTUR	
♠ G9		♠ ÁD1075	
♥ ÁDG82		♥ 1075	
♦ KG864		♦ 32	
♣ 6		♣ G92	
SUDUR			
♠ K8632			
♥ K96			
♦ 5			
♣ ÁKD3			
Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Blakset	Þorlákur	Christiansen
1 ♥	2 ♦	2 ♥	Dobl *
Pass	2 ♠	Pass	2 G ///

* spaði!

Baráttukerfi Dananna er athyglisvert. Á móti strögli makkers nota þeir yfirfærslur og nýta doblið í þeim tilgangi líka ef færi gefst. Dobl Christiansens á 2♥ sýnir þannig spaðalit! Blakset verður að taka

yfirfærslunni nema með gott strögl (sem þetta telst seint vera) og hann segir því hlýðinn 2♠. Christiansen lætur duga að reyna við geim með 2G (kanski vanur léttum strögnum) og Blakset situr þar, þótt vandséð hvers vegna hann má ekki bæta bótinn með 3♣.

Tvö grönd eru þó alls ekki slæmur samningur og vinnast auðveldlega með hjarta út. En Jón sá fyrir sér laufsamlegu í NS og vildi ekki gefa slag á hjartakónginn, sem gæti hæglega verið úrslitaslagurinn. Hann kom því út með smáan tígul, meðal annars til að reyna að skera á sambandið við blindan. Christiansen svínaði drottningunni og gat aldrei fengið nema sjö slagi eftir það.

HÉR ER annað betur heppnað dæmi um yfirfærslutaktík Dananna:

NORDUR			
♠ 87			
♥ G87543 S/Allir			
♦ K6			
♣ Á74			
VESTUR		AUSTUR	
♠ KG2		♠ 543	
♥ 92		♥ D106	
♦ D9753		♦ Á82	
♣ 1063		♣ KDG8	
SUDUR			
♠ ÁD1096			
♥ ÁK			
♦ G104			
♣ 952			
Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Christiansen	Pass	Blakset
Pass	Pass	1 ♣	1 ♠
Pass	2 ♦ *	Pass	2 ♥
Pass	Pass	Pass	Pass

* yfirfærsla í hjarta

Spilið kom upp í tvímenningnum og það gaf Dönunum risaskor að vinna 2♥ slétt, því flest NS-pörin fóru of hátt.





Danska sveitin á Bridshátíð: Frá vinstri: Sören Christiansen, Knut Blakset, Lars Blakset og Peter Hecht Johansen.

Subarusveitin vann alla erlendu keppinauta sína, þar á meðal sænska landsliðið 24-6. Þetta spil var eitt fárra sem féll:

NORÐUR		
♠	ÁG92	
♥	ÁKG2	S/NS
♦	G976	
♣	K	
VESTUR		AUSTUR
♠	10	♠ 4
♥	103	♥ 9654
♦	10854	♦ KD3
♣	G96432	♣ D10875
SUDUR		
♠	KD87653	
♥	D87	
♦	Á2	
♣	Á	

Alslemma er borðleggjandi í NS, en hún er ekki auðmælduð ef AV komast á bragðið í laufinu. Sviarnir Nyström og Bertheau sluppu framhjá Sverri og Aðalsteini og sögðu óareittir upp í sjö grönd. En Jón og Þorlákur fengu lítinn frið á hinu borðinu. Þar var villikötturinn Peter Fredin í austur og hann sleppir sjaldan tækifæri til að hræra í sagnpottinum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lindkvist	Jón	Fredin	Þorlákur
--	--	--	1 ♠
Pass	2 G	3 ♣	4 G
6 ♣	Dobl	Pass	6 ♦
Pass	6 ♥	Pass	7 ♠ ///

Á sínum yngri árum hefði Magnus Lindkvist hindrað strax með 3♣ yfir spaðaspeilunni, en aldurinn gerir menn varkára (hrædda?), og svo veit Magnus sem er, að Fredin þarf enga hvatningu til að melda, bara 13 spil. Jón sýnir áhuga á spaðaspeilunni með 2G og Fredin finnur ákafa sínum farveg með því að melda fimmlitinn í laufi. Lindkvist gat ekki verið þekktur fyrir að segja minna en 6♣ við ásaspurningu Þorláks, sem Jón doblaði til að sýna jafna tölu lykilsþila (tvo ása í þessu tilfalli). Þorlákur hélt alslemmuleitinni lifandi með sex tígulum, Jón sýndi hjartastyrkinn og Þorlákur lét vaða í sjö. Vel gert og engin sveifla.

MEÐAL þeirra erlendu stórspilara sem lítið fór fyrir á verðlaunapöllum var Bretinn Tony Forrester, en það gekk heldur illa hjá honum og hinum nýja félagahans, Andrew McIntosh. Einhverju sinni gerðist íslenskur mótherji svo djarfur að spyrja út í sagnir McIntosh: “Hvað þýða þír tíglar í þessari stöðu?” Þetta var síðla móts og kaldhæðnin skein úr augum Forresters þegar hann svaraði kurteislega: “Ég get því miður ekkert um það sagt - við spilum ekki sama kerfið.”



Zia og Forrester slappa af á milli umferða. Þeir eru góðir kunningjar og spiluðu til dæmis saman á Bridshátíð 1989 og urðu þá Flugleiðameistarar.

Forrester og McIntosh tókst þó að lenda í ágætri tígulslemmu í þessu spili Flugleiðamótsins:

NORÐUR		
♠	K63	
♥	1043	V/NS
♦	G5	
♣	ÁG853	
VESTUR		AUSTUR
♠	G875	♠ D109
♥	ÁKD97	♥ G8652
♦	8	♦ D4
♣	D102	♣ 974
SUDUR		
♠	Á42	
♥	--	
♦	ÁK1097632	
♣	K6	

Sverrir Kristinsson jr. horfði á meistarann og hreifst ekki mjög af sögnum, en hafði þeim mun meira gaman af spilamennskunni. Sem er reyndar ekki flókin, því tólf slagir eru á borðinu og sá þrettándi kemur hvort sem lafið er trompað út eða gosanum svínað. En Forrester var að skemmta sér. Hann trompaði hjartaútsplið og lagði niður tígulás og kóng. Vestur velti aðeins fyrir sér fyrsta afkastinu, en henti svo litlu hjarta. Þegar drottningin féll úr austrinu var nokkuð ljóst að sagnhafi var með áttlit. Forrester spilaði tígultíu næst og nú lagði vestur frá sér spilin og íhugaði afkastið af gaumgæfni. Eftir nokkra bið sneri Forrester sér að vestri og sagði íbygginn: “Það eru fleiri á leiðinni.”

GEIR Helgemo hefur næmt auga fyrir “litlu spilunum” og myndi aldrei láta sér detta í huga teikna upp stöðumynd með “x-um” fyrir hundana.

NORÐUR		
♠	KG85	
♥	ÁG62	S/Allir
♦	Á105	
♣	52	
VESTUR		AUSTUR
♠	74	♠ Á102
♥	95	♥ D1084
♦	K862	♦ D93
♣	G10763	♣ D84
SUDUR		
♠	D963	
♥	K73	
♦	G74	
♣	ÁK9	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ásmundur	Janet	Guðm.	Helgemo
--	--	--	1 ♠
Pass	3 G *	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Greinarhöfundur og Ásmundur Pálsson lentu í klónum á Geira í þessu spili Flugleiðamótsins. Opnun Helgemos lofaði aðeins fjórlit og stökk Janets de Botton í 3G sýndi fjórlit í spaða, 13-15 punkta og jafna skiptingu. Margir hefðu passað þá sögn, en Helgemo reynir að spila þá samninga sem hann getur. Skiljanlega.

Ásmundur kom út með hjartaniú. Helgemo lét gosann og tók drottningu undirritaðs með kóng. Fór svo í trompið. Ég dúkkaði fyrst, en drap síðan á spaðaás og spilaði enn spaða og Ásmundur henti laufi í þann slag. Hættan sem blasir við sagnhafa er að gefa slag á hjarta og tvo á tígul ef hann þarf að hreyfa litinn sjálfur. En Helgemo fann leið til að neyða vörminna til að spila tígli. Hann tók ÁK í laufi og stakk lauf. Spilaði svo litlu hjarta frá Á62 að sjöunni heima. Ég varð að taka slaginn og gat nú valið um tvo slæma kosti: Að spila hjarta upp í Á6 eða hreyfa tígulinn.

Á hinu borðinu kom út laufgosi gegn sama samningi. Eftir að hafa tekið trompin og prófað hjartað, stóð sagnhafi frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa að spila tíglinum sjálfur. Vörmin fékk þar tvo slagi og spilið fór niður.

“Hvað gerðist,” spurðu sveitarfélagarnir.

“Helgemo var við stýrið.”

“Það var og.”

-GPA

ÍSLANDSMÓTIÐ Í SVEITAKEPPNI 2003

Það var hressandi að spila úrslit Íslandsmótsins á Hótel Loftleiðum eftir 8 ára hlé. Kristalssalurinn er notalegur spilastaður og öll aðstaða hin besta, bæði fyrir spilara og áhorfendur. En það er alltaf erfitt að snúa við hjóli tímans; áhorfendum hefur fækkað og staðurinn er einfaldlega of stór fyrir svo fáa spilara og litla umsetningu. Bridshátíðin svínvirkar hins vegar á Loftleiðum, enda fjöldinn meiri og skiptingar tíðari.

Annars var Íslandsmótið var óvenju spennandi þetta árið: Þrjár sveitir voru í baráttunni fram á síðasta spil og þegar upp var staðið munaði aðeins 3.5 stigum á fyrsta og þriðja sætinu. En þótt litlu hafi munað í lokin var sveit Íslenskra aðalverkaka (ÍAV) vel að titlinum komin; Íslandsmeistararnir unnu báða helstu keppinauta sína örugglega, sveit Guðmundar Sv. Hermannssonar 22-8 og Subarusveitina 24-6.

Staðan á toppnum var galopin þegar lagt var upp í lokaátökin:

Íslenskir aðalverktakar 153.5
Guðm. Sv. Hermannsson 149
Subarusveitin 145

Öllum innbyrðis leikjum var lokið og sveitirnar áttu að kljást við lið sem skipuðu þrjú neðstu sæti töflunnar. ÍAV gat tryggt sér titilinn með 21-9 sigri, þó svo að sveit Guðmundar næði fullu húsi. Ef eitthvað færi úrskaiðis hjá tveimur efstu sveitunum var stutt á toppinn fyrir Subarumenn. Hálfleikstölur voru ekki uppörvandi fyrir ÍAV. Eigin leikur í járn-um og báðir keppinautar yfir í sínum leikjum. Áhorfendur sem fylgdust með síðustu spilunum sáu titilinn flakka á milli sveita, þótt oftast væri hann í hönd-um ÍAV. Eða þar til í 5. síðasta spili:

NORÐUR
♠ ÁG9
♥ Á432
♦ D1072
♣ K3

V/Allir

AUSTUR
♠ 753
♥ D765
♦ ÁG963
♣ 8

SUÐUR
♠ D
♥ KG9
♦ K
♣ ÁD1097542

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bjarni	Júlíus	Þröstur	Guðm.
Pass	1 G	Pass	2 ♣
Pass	2 ♥	Pass	2 ♠
Pass	3 ♦	Pass	4 G
Pass	5 ♠	Pass	7 ♣
Pass	Pass	Pass	

Bjarni Einarsson og Þröstur Ingimarsson voru í AV gegn Júlíusi Snorrasyoni og Guðmundi Pálssyni í sveit Félagsþjónustunnar. Eftir Stayman við grand, spyr Guðmundur frekar um skiptingu með 2♠ og Júlíus sýnir tígullitinn. Guðmundur stekkur þá í 4G til að spyrja um ása. Júlíus taldi að tígull væri samþykktur tromplitur (síðasti meldaði liturinn) og svaraði út frá því með 5♠ til að segja frá tveimur “ásum” og trompdrottningu. Skilningur Guðmundar var hins vegar sá að hann hefði lyft 3♦ í fjóra fyrst ef hann ætlaði að nota lykilsþilaspurningu, og með því stökkva í 4G væri hann einfaldlega að spyrja um ásana fjóra. Hann tók því svarið á 5♠ sem þrjá ekta ása og sagði sjö upp á von og óvon. Þetta er þekkt ógöngustef í RKC.

Nú kom til kasta Bjarna sem átti út gegn alslemmuni. Hann spurði vel út í sagnir og það læddist að honum sá grunur að

ekki væri allt með felldu. Hann ætlaði því ekki að trompa út! Hjarta kom ekki heldur til greina, því makker gat Lightner-doblað 7♣ til að biðja um þann lit (fyrsti litur blinds). Þá var það spaði eða tígull. Þröstur hafði látið hjá líða að dubla 5♠, en það er varla marktækt þegar hann á í hlut, því Þröstur útspilsdoblar sjaldan í miðri slemmuleit. Bjarni hugsaði dæmið þannig: Suður er líklegri til að vera styttri í spaða en tígli. Sé svo, á hann auðveldara með að losa sig við tapslag þar ef vörnin verður ekki fyrri til. Spaðinn virtist heldur ekki líklegur niðurstakstslitur fyrir tígullinn með tilliti til þess hvað Bjarni átti í litnum. Að þessu athugðu spilaði Bjarni út litlum spaða - þar lá á, hélt hann, en tígullinn gat beðið.

Rangt! Guðmundur greip tækifærið fengins hendi. Hann hleypti á spaðadrottningu, tók tvisvar tromp og henti tígul-kóng í spaðaás. Trompaði tígul og renndi niður laufunum. Hjartadrottningin lá fyrir svíningu, en svíningin var óþörf því AV lentu í sannaðri upplýsingaþvingun í lokastöðunni:

NORÐUR
♠ G
♥ Á4
♦ D
♣ -

VESTUR
♠ K
♥ 108
♦ 8
♣ -

AUSTUR
♠ -
♥ D76
♦ Á
♣ -

SUÐUR
♠ -
♥ KG9
♦ -
♣ 2

Laufi er spilað og spaða hent úr borði ef vestur heldur í spaðakóng. Austur verður að henda hjarta og drottningin kemur þá sjálfkrafa.

Anton og Sigurbjörn spiluðu 5♣ á hinu borðinu, svo Félagsþjónustan vann 17 IMPa og nú var forystan í mótinu komin í aðrar hendur. Og svo var fram á næst síðasta spil þegar Guðmundur og Júlíus lentu aftur í vandræðum með ásaspurninguna og spiluðu háfsllemmu þegar tveir ásar voru úti. Þeir voru teknir og ÍAV vann leikinn 18-12. Þar með hefði Guðmundi Hermannssyni dugað stórsigur, en hann fékk “aðeins” 21 stig á Skagann hf. og Subarusveitin vann sinn leik gegn Landsbankanum 23-7. Svona eiga úrslit að vera.

♠	ÍSLANDSMÓT 2003	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	alls	-stig	R
1	Grant Thornton	♦	12	16	25	9	25	14	12	14	14	141		5
2	Guðm. Sv. Hermannsson	18	♦	19	25	25	22	14	19	8	21	170	1	2
3	Tryggingamiðstöðin	14	11	♦	21	16	19	8	14	4	22	128.5	0.5	7
4	Félagsþjónustan	3	5	9	♦	5	16	11	14	12	10	85		9
5	Skeljungur	21	5	14	25	♦	25	3	18	20	14	144	1	4
6	Landsbankinn	0	8	11	14	0	♦	7	13	10	13	76		10
7	Subaru-sveitin	16	16	22	19	25	23	♦	22	6	19	168		3
8	Sparisj. Siglufj. og Mýrasýslu	18	11	16	16	12	17	8	♦	16	22	135.5	0.5	6
9	Íslenskir aðalverktakar	16	22	25	18	10	20	24	14	♦	23	171.5	0.5	1
10	Skaginn hf.	16	9	8	20	16	17	11	8	7	♦	111.5	0.5	8

Keppendur og úrslit

Íslenskir aðalverktakar: 171,5.

Matthías Þorvaldsson, Sævar Þorbjörnsson, Anton Haraldsson, Sigurbjörn Haraldsson, Þröstur Ingimarrsson og Bjarni Einarsson.

Guðmundur Sv. Hermannsson: 170.

Ásmundur Pálsson, Guðm. P. Arnarson, Guðm. Sv. Hermannsson, Helgi Jóhannsson og Björn Eysteinnsson.

Subarusveitin: 168.

Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Magnús E. Magnússon, Sverrir G. Ármannsson og Ragnar Hermannsson.

Skeljungur: 144.

Örn Arnþórsson, Guðlaugur R. Jóhannsson, Hjalti Eliasson, Eiríkur Hjaltason, Karl Sigurhjártarson og Snorri Karlsson.

Grant Thornton: 141.

Jónas P. Erlingsson, Hrólfur Hjaltason, Oddur Hjaltason, Ragnar Magnússon, Steinar Jónsson og Stefán Jóhannsson.

Sparisjóður Siglufjarðar og Mýarsýslu: 135,5.

Jón Sigurbjörnsson, Ólafur Jónsson, Bogi Sigurbjörnsson, Birkir Jónsson, Sigtryggur Sigurðsson og Sigurður Vilhjálmsón.

Tryggingamiðstöðin: 128,5.

Kristján Már Gunnarsson, Helgi Grétar Helgason, Björn Snorrason, Ólafur Steinason og Guðjón Einarsson.

Skaginn hf: 111,5.

Alfred Viktorsson, Karl Alfredsson, Jón Alfredsson, Tryggvi Bjarnason og Þorgeir Jósefsson.

Félagsþjónustan: 85.

Guðlaugur Sveinsson, Jón Stefánsson, Guðmundur Pálsson, Júlíus Snorrason og Jörundur Þórðarson.

Landsbankinn: 76.

Sigurjón Karlsson, Sverrir Þórisson, Aðalsteinn Sveinsson, Björn Friðriksson, Erlingur Sverrisson og Björgvin Már Kristinsson.

Fjórþraut

Í úrslitum Íslandsmótsins eru spiluð 216 spil á fjórum dögum. Sem er hörkupúl, því þótt spilin séu misjöfn að mikilvægi er ekki vitað fyrirfram hvar gildrunar leynast. Því verður alltaf að halda vöku sinni. Við skulum skoða fjögur spil frá sjónarhóli keppenda, þar sem reynir á allar hliðar spilsins: úrspil, vörn, útspil og sagnir:

(Sjá umfjöllun á næstu bls.)



Skagamenn að fornu og nýju stinga saman nefjum á milli umferða. Frá vinstri: Jón Alfredsson, Karl Alfredsson, Tryggvi Bjarnason, Alfred Viktorsson og Eiríkur Jónsson. Fjórir fyrstnefndu tilheyra sveit Skagans hf. (ásamt Þorgeiri Jósefssyni), en Eiríkur var í hlutverki áhorfandans á Hótel Loftleiðum. Hann spilar í sveit Orkuveitunnar og varð Íslandsmeistari með sveitinni í fyrra, en ekkert er sjálfgefið í brids frekar en fótbolta og Orkuveitan náði ekki inn í úrslitin í þetta sinn.

(1) Fyrst ertu í **suður** í hlutverki sagnhafa:

NORÐUR
 ♠ K85
 ♥ ÁG3
 ♦ G7643
 ♣ 82
 A/Enginn

SUÐUR
 ♠ ÁD3
 ♥ KD4
 ♦ Á102
 ♣ D976

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	1 ♣	1 G
Pass	3 G	Allir pass	

Vestur spilar út ♣10 og austur kallar.

Hvernig viltu spila?

(2) Næst eru í vörninni í **vestur**:

NORÐUR
 ♠ 84
 ♥ 98
 ♦ D96
 ♣ ÁDG1072
 V/Allir

VESTUR
 ♠ ÁKG73
 ♥ ÁKG3
 ♦ G5
 ♣ 94

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	2 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Það er ekki á hverjum degi sem maður er í vörn gegn 3G með ÁKG í tveimur litum. En þetta er bara fjórir slagir! Einn

vantar enn. Þú byrjar á spaðakóng, sem biður kerfisbundið um talningu. Makker lætur tíuna, sem er væntanlega frá þrilít. Suður hefur þá byrjað með ♠Dxx. Þú prófar næst hjartakóng og makker lætur sexuna, en sagnhafi sjúona. Þið kallið lágt-hátt og lengdarkerkið til samræmis, lágt-hátt fyrir jafna tölu.

Hverju viltu spila í þriðja slag?

(3) Þá eru það sagnir. Þú ert í **austur**:

♠ ÁK764 ♥ KG ♦ 63 ♣ Á873

Suður gefur og opnar á 3♦. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	--	3 ♦
Pass	Pass	???	

Hvað viltu segja?

(4) Loks er það útspilið. Þú ert í **vestur**:

♠ 874 ♥ ÁK1054 ♦ 104 ♣ 974

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	--	1 ♣
1 ♥	Dobl *	Pass	1 G
Pass	3 G	Dobl	Pass
Pass	Redobl	Allir pass	

Það eru allir utan hættu og þú freistar þess að stinga inn 1♥ á þennan góða fimmlit. Norður doblar fyrst til að sýna fjórlit í spaða og svo renna NS í 3G. Allt svo sem hversdagslegt, eða fram að dobl makkers.

Hvert er útspilið?

1. Útspil.

Austur gefur; enginn á hættu.

	NORÐUR		
	♠ K85		
	♥ ÁG3		
	♦ G7643		
	♣ 82		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 109742		♠ G6	
♥ 862		♥ 10975	
♦ D95		♦ K8	
♣ 103		♣ ÁKG54	
	SUÐUR		
	♠ ÁD3		
	♥ KD4		
	♦ Á102		
	♣ D976		

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	1 ♣	1 G
Pass	3 G	Allir pass	

Vestur spilar út lauftíu og austur verst fimlega með því að láta smátt í slaginn. Til að vinna 3G verður suður að svara í sömu mynt og dúkka líka! Vörnin gerir ekkert betra en að fría laufið, en nú er vestur skaðlaus og má komast inn á tíguldrottningu. Sagnhafi spilar tígli á tíuna og fellir síðan kóng austurs undir ásinn. 3G unnust yfirleitt, en vörnin var ekki alltaf svona beitt.

2. Vörn.

Vestur gefur; allir á hættu.

	NORÐUR		
	♠ 84		
	♥ 98		
	♦ D96		
	♣ ÁDG1072		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁKG73		♠ 1052	
♥ ÁKG3		♥ 6542	
♦ G5		♦ K42	
♣ 94		♣ 653	
	SUÐUR		
	♠ D96		
	♥ D107		
	♦ Á10873		
	♣ K8		

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	2 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Geimið er þunnt í punktum, en var víða meldað á þennan hátt, meðal annars á báðum borðum í leik Guðmundar Sv. Hermannssonar og Landsbankans. Þar sem sveitarforinginn, Guðmundur Sveinn, var við stýrið, tók vestur spaðaásinn í þriðja slag og fríaði spaðann. Þar með voru átta slagir mættir og sá níundi skilaði sér í lokin þegar Guðmundur tók laufin og setti þrýsting á vestur:

NORÐUR

♠ -
♥ 9
♦ D9
♣ 7

VESTUR

♠ G
♥ Á
♦ G5
♣ -

AUSTUR

♠ -
♥ 5
♦ K42
♣ -

SUÐUR

♠ --
♥ D10
♦ Á10
♣ -

Guðmundur spilaði síðasta laufinu og henti hjarta heima. Vestur er í óleysanlegum vanda. Ef hann hendir spaða, spilar sagnhafi hjarta og fær íferð í tígulinn. Í reynd henti vestur tígli, en Guðmundur las spilið rétt og fór af stað með tíguldrottningu og gleypiti gosann.

Vel gert, en á hinu borðinu fékk sagnhafi ekki tækifæri til að láta ljós sitt skína. Björn Eysteinnsson var þar í vestur og hann skipti yfir í lauf í þriðja slag. Hann túlkaði hjartasexu makkers sem frávisun í litnum og ákvað að treysta á tígulháspil í austur og bíða átekt. Sagnhafi náði einum slag með innkasti, en það var sá áttundi.

3. Sagnir.

Suður gefur; allir á hættu.

	NORÐUR		
	♠ G109		
	♥ D86		
	♦ G		
	♣ KG10964		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 53		♠ ÁK764	
♥ Á9432		♥ KG	
♦ D1074		♦ 63	
♣ D5		♣ Á873	
	SUÐUR		
	♠ D82		
	♥ 1075		
	♦ ÁK9852		
	♣ 2		

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	--	3 ♦
Pass	Pass	???	

Þótt þriggja tígla sögn suðurs sé ekki alveg eftir bókinni, hefur það út af fyrir sig lítill áhrif á vanda austurs. Varla getur hann passað, svo málið snýst um það hvort hann doblar eða segir 3♠. Báðar sagnir eru gallaðar: Doblið vegna þess að austur þolir illa sögn í hjarta, og 3♠ af því liturinn er lélegur. Við borðið sagði austur 3♠ og vestur 3G, sem fóru einn

niður. Augljóslega hefði doblið gefið væna uppskeru (1100 með bestu vörn), svo hér skipti miklu máli hvað ákvörðun austur tók.

Skoðun ritstjórans er þessi: Úr því að báðar sagnir eru gallaðar (dobl og 3♠), ber að velja þá sögn sem gæti gefið meira af sér - og það er bersýnilega doblið. Í versta falli segir makker 3♥, sem er allt í lagi að passa, því þótt bókin segi að þrilitur í ósögðu litunum sé skilyrði fyrir opnunardobli, er KG tvíspil a.m.k. jafn gott og þrjár hundar.

(Það er reyndar sjálfstæð pæling hvort óhætt sé að dobla fyrst og taka svo út úr 3♥ í 3♠. Venjulega sýnir slík leikröð yfirsterk spil, en er það skynsamlegt uppi á þriðja þrepi?)

4. Útspil.

Suður gefur; enginn á hættu.

	NORÐUR		
	♠ Á1032		
	♥ G62		
	♦ ÁK5		
	♣ G103		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 874		♠ KDG6	
♥ ÁK1054		♥ 3	
♦ 104		♦ D9873	
♣ 974		♣ 852	
	SUÐUR		
	♠ 95		
	♥ D987		
	♦ G62		
	♣ ÁKD6		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Magnús	Guðm.	Sverrir	Ásmundur
--	--	--	1 ♣
1 ♥	Dobl *	Pass	1 G
Pass	3 G	Dobl	Pass
Pass	Redobl	Allir pass	

Svona gengu sagnir í leik Subaru og Guðmundar Hermannssonar. Hugmynd Sverris Ármannssonar með doblinu var að biðja um útspil í spaða, eða a.m.k. vara við útspili í hjarta. En Magnús Eiður Magnússon og Sverrir Gaukur hafa ekki oft spilað saman og Magnús kaus að spila út litlu hjarta. Þar með var Ásmundur kominn með yfirhöndina: Hann sótti hjartað til baka og náði þar í níunda slaginn.

Tígull út er best fyrir vörnina, en spaði dugir til að fella spilið með besta framhaldi.

“Spaði út?” sagði Magnús spyrjandi eftir spilið? “Það hef ég aldrei heyrt áður. Ég þarf að segja þeim frá þessu í Svíþjóð.”

Doblið ekki þennan mann - makker hans redoblar alltaf

Tvisar í mótinu varð Ásmundur Páls-son sagnhafi í redobluðu spili og farnaðist vel í bæði skiptin.

NORDUR		AUSTUR	
♠	Á876	♠	KG109
♥	KG1062	♥	Á985
♦	4	♦	85
♣	K43	♣	DG5
VESTUR		SUDUR	
♠	42	♠	D53
♥	D43	♥	7
♦	ÁDG106	♦	K9732
♣	876	♣	Á1092

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sævar	Guðm.	Matthías	Ásmundur
--	--	1 ♣	1 ♦
Pass	1 ♥	Pass	1 G
Dobl	Redobl	Allir pass	

Spilið er frá leik tveggja efstu sveitanna, ÍAV og Guðmundar Hermannssonar. Leikurinn var sýndur á töflu og áhorfendum í sýningarsal var skemmt þegar Ásmundur fékk það spennandi verkefni að spila 1G redoblað. Niðurstaðan úr því starfi blasti síður en svo við, jafnvel með allar hendur uppi.

Sævar kom út með ♣8 og Ásmundur dúkkaði gosa Matthíasar til að halda lipru sambandi á milli handanna. Matthías skipti yfir í tíguláttu, nían frá Ásmundi og Sævar drap með tíu. Og spilaði nú spaða. Lítið úr borði og Matthías tók með kóng til að spila aftur tígli. Ásmundur lét sjöuna og Sævar átti slaginn á gosann. Eftir langa umhugsun ákvað Sævar réttilega að taka ekki á tígulásinn og spilaði spaða. Ásmundur tók slaginn á drottningu, síðan spaðaásinn og svo þrjá slagi á lauf. Fimm slagir í húsi og staðan þessi:

NORDUR		AUSTUR	
♠	8	♠	G
♥	KG10	♥	Á98
♦	-	♦	-
♣	-	♣	-
VESTUR		SUDUR	
♠	-	♠	-
♥	D43	♥	7
♦	Á	♦	K32
♣	-	♣	-

Ásmundur spilaði nú hjarta á tíuna og Matthías lagði árar í bát. Staðan er þinleg: Ef austur drepur, þarf hann að gefa tvo síðustu á ♥KG, og ef hann dúkkar, verður hann sendur inn á spaða til að spila frá hjartaás.

Eitt grand er oft á tíðum þvælinn samningur, bæði í sókn og vörn. Eftir á að hyggja má velta fyrir sér hvort vörnin hefði með skynsamlegu móti getað gert betur, en svo virðist ekki vera. Byrjunin er nokkuð eðlileg: lauf út og tígull til baka, síðan spaði sem austur fær á kóng. Segjum að austur geymi tígulinn og spili spaða. En það breytir litlu, því sagnhafi getur nú sjálfur spilað tígli og skorið á samband varnarinnar. Sama lokastaða kemur þá upp. Það er sama hvaða afbrigði er rakið, sagnhafi getur alltaf fengið sjö slagi.

Hjartanían í öðru veldi

Millileikir eru vel þekktir í skák og metnir að verðleikum. Bridsspilarar mættu vera meira vakandi á þessu sviði, því oft er svigrúm til að fresta átökum án þess að missa tökin.

NORDUR		AUSTUR	
♠	Á82	♠	G9753
♥	ÁG7	♥	D85
♦	9543	♦	D1086
♣	D109	♣	4
VESTUR		SUDUR	
♠	10	♠	KD64
♥	K10643	♥	92
♦	7	♦	ÁKG2
♣	G87653	♣	ÁK2

Að mati ritstjórans er þetta spil perla Íslandsmótsins. Slemma var spiluð á 8 borðum af 10, ýmist sex tíglar eða sex grönd. Báðar slemmurnar eru slæmar, en tígulslemman heldur skárrí. Hún vinnst ef austur á Dx eða Dxx í trompi, en líkur á því eru tæplega 34%. Í 6G þarf fleira gott að gerast - spaðinn að falla, hjartað að skila aukaslag og/eða einhvers konar þvingun. Sex sagnhafar fengu makleg málagjöld og fóru niður, en 6G unnust á tveimur borðum. Þar héldu um stjórn- taumana nafnarnir Karl Sigurhjártarson og Karl Alfreðsson. Hvorugur fékk þó út hjarta.

Hvernig myndi lesandinn spila 6G með laufi út?

Karl Sigurhjártarson og sonur hann Snorri urðu efstir í fjölsveitaútreikningi mótsins og þetta spil var ágætt innlegg á bulterbókina. Spilið kom upp í töfluleik Skeljungs og ÍAV og Sævar og Matthías voru í AV. Sævar kom út með lauf, sem Karl tók heima og spilaði strax hjartaníu! Sævar svaf á verðinum og lét lítið hjarta og nían dró fram drottningu Matthíasar.

Með þessum netta millileik (sem ekkert kostaði) tókst Karli að byggja upp möguleika á hjartasvínungu. Karl kannaði næst tígulinn, tók ásinn, fór inn í borð á spaða og svínaði tígulgosa. Þegar tígullegan kom í ljós varð að svína hjartagosa. Þá voru slagirnir orðnir ellefu, og þó svo að spaðinn félli ekki, kom sá tólfu fyrirhafnarlaust með þvingun á austur spaða og tígli:

NORDUR		AUSTUR	
♠	-	♠	G
♥	Á	♥	-
♦	95	♦	D10
♣	-	♣	-
VESTUR		SUDUR	
♠	-	♠	6
♥	K10	♥	-
♦	-	♦	K2
♣	G	♣	-

Sagnhafi er staddur í blindum og spilar hjartaás og austur þvingast með hæsta spaða og tígulvaldið. Hjartanían var því í raun tveggja slaga virði. Virkilega drjúgur millileikur.

Aðrir feðgar, Alfreð Viktorsson og Karl Alfreðsson af Skaganum, spiluðu líka sex grönd gegn Subaru-mönnunum Þorláki Jónssyni og Sverri Ármannssyni. Þorlákur kom líka út með lauf og Karl Alfreðsson fór fyrst í tígulinn og sá þar leguna. Spilaði svo hjartaníu og slapp framhjá Þorláki. Framhaldið þekkjum við.

-GPA



ÍSLANDSMÓTIÐ Í TVÍMENNINGI 2003

Flest af því sem telst *avant garde* í sagnvísindum þessa dagana má rekja til Engihjallans í Kópavogi, þar sem aðfluttir Akureyringar sitja á fletjum fyrir og spá og spekulera í yfirfærslum og fárveiku grand. Þetta eru bræðurnir Toni og Bessi, Anton og Sigurbjörn Haraldssynir, tvöfaldir Íslandsmeistarar árið 2003.

“Tvisvar á dag fer ég á fjórar fætur og bið í átt til Engihjallans,” segir lærisveinninn Daníel Már Sigurðsson. “Toni er minn gúru.”

Allir lærisveinar misþyrma kenningum meistarans. Danni spilar til dæmis 6-8 punkta grand og yfirfærslur eftir pass. Hans mun ekki getið í alfræðiritinu fyrir það framlag. Þrátt fyrir sífellda leit að “bestu sögninni” er Toni í eðli sínu íhaldssamari en skrattinn - sem hljómar eins og mótsögn, en er það alls ekki. Toni trúir á veika grandid og hann trúir á yfirfærslur við laufopnun, en hann vill enga vitleysu. Sú deild tilheyrir Bessa.

Frá fyrstu setu og fram í mitt mót leiddu Ásmundur Pálsson og Guðm. Páll Arnarson. Síðla á þessum tímamarki drakk undirritaður kaffi með Tona, sem aldrei þessu vant var þungur á brún. Hann talaði um að fara heim og láta varamann inná til að spila við “brjálaðinginn”. En Toni er ábyrgur og þar sem allir helstu lærisveinarnir voru að spila, varð hann að bíta á jaxlinn og halda áfram. Ekki löngu síðar voru þeir bræður komnir í fyrsta sæti með himinháa skor og höfðum við Ásmundur þó ekkert slegið af.

Um þetta leyti mættust stálin stinn:

NORÐUR			
♠ KD84			
♥ 752	S/Allir		
♦ Á876			
♣ G7			
VESTUR		AUSTUR	
♠ G63		♠ --	
♥ ÁG43		♥ 10986	
♦ D102		♦ G9	
♣ K104		♣ ÁD98532	
SUÐUR			
♠ Á109752			
♥ KD			
♦ K543			
♣ 6			

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sigurbjörn	Guðm.	Anton	Ásmundur
--	--	--	1 ♠
Pass	3 ♣ *	Dobl	4 ♠
5 ♣ !	Pass	Pass	5 ♠ ///

Hvílíkt bræðralag. Bessi er með marflata skiptingu og þrílit í laufi, en fórnar þó galvaskur á jöfnum hættum í því skjóli að Toni eigi fyrir sínu. Stökk undirritaðs í 3♣ er Bergen-sagnvenjan, sem hefur ekkert með lauf að gera en sýnir 4-lit í spaða og 10-12 punkta. Venjulega dubla menn slíka sögn til að benda á útspil, en það er meiri þungi í dobli Antons og Sigurbjörn þekkir sinn mann. Fimm lauf fara aðeins einn niður og er því afbragðs fórn yfir 4♣. Ásmundur gerði heiðarlega tilraun til að bjarga spilinu með því að segja 5♣, en þeir tapslagir voru óumflýjanlegir. Bræðurnir fengu 35 stig af 38 mögulegum fyrir spilið. Framhaldið var á svipuðum nótum og forystan vék aldrei úr höndum þeirra Kópavogsbræðra.

Úrslit:

Anton Haraldsson - Sigurbjörn Haraldss. (59,7%)	431
Ásmundur Pálsson - Guðm. P. Arnarson	352
Jón Baldursson - Þorlákur Jónsson	275
Hjalti Eliasson - Eiríkur Hjaltason	239
Bjarni H. Einarsson - Þröstur Ingimarsson	216
Daníel Már Sigurðsson - Heiðar Sigurjónsson	210
Hermann Friðriksson - Runólfur Jónsson	189
Ólafur Steinason - Guðjón Einarsson	150
Guðmundur Baldursson - Hallgrímur Hallgrímss.	147
Gísli Steingrímsson - Sveinn R. Þorvaldsson	133

Anton og Sigurbjörn fóru líka illa með bronsparið, þá Jón og Þorlák. Fárveika grandid kom við sögu, þótt ekki hafi það í sjálfu sér skipt sköpum:

NORÐUR			
♠ K1075			
♥ --	S/AV		
♦ ÁK843			
♣ G864			
VESTUR		AUSTUR	
♠ D963		♠ Á2	
♥ G98742		♥ ÁD1065	
♦ --		♦ DG976	
♣ 732		♣ D	
SUÐUR			
♠ G84			
♥ K3			
♦ 1052			
♣ ÁK1095			

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Sigurbjörn	Þorlákur	Anotn
--	--	--	1 G
Pass	2 ♠ *	3 ♥	4 ♣
4 ♥	5 ♣	Pass	Pass
5 ♥	Dobl ///		

Flestir hefði spurt um hálitu með 2♣ í sporum Bessa, en hann vildi ekki auðvelda AV að finna hjartalitin og ákvað að sýna láglitina með 2♠. En Þorlákur lét ekki þagga niður í sér og stakk inn hjarta-



Kaffibrúsakarlarnir í sjöunda himni. Fjórir kaffibrúsar eru á heimili þeirra bræðra eftir góðan vetur. Bessi drekkur reyndar ekki kaffi, en tekur vel á móti gestum - sem koma auðvitað sjálfir með sína eigin könnur, merktar 2. og 3. sæti.

sögn. Í kjölfarið fylgdi sagnbarátta sem endaði á eðlilegum stað, í 5♥ dubluðum. Það má vinna fimm lauf í NS og fimm hjörtu í AV fara einn niður, svo bæði þör gátu vel við unað, en Íslandsmeistararnir fengu þó bróðurpartinn af stigunum, því víðast hvar voru spiluð 4♥ í AV, sums staðar dubluð.

“Hittingur”

Mistökkin eru alltaf eftirminnilegust. Mog ennfremur spilin sem maður klúðrar, en veit ekki alveg af hverju - strax. Hér er spil sem raskaði svefnró ritstjórans. Það snerist um það að taka réttan pól í hæðina í viðkvæmri stöðu:

NORÐUR		
♠ Á		
♥ 1084	A/Enginn	
♦ ÁD10		
♣ DG10932		
SUÐUR		
♠ K762		
♥ KG5		
♦ 9874		
♣ K7		

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	2 ♦ *	Pass
2 ♠ *	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Þú lendir í 3G eftir multi-opnun austurs og leitandi svar á 2♠. Vestur kemur út með spaðadrottningu og þú spilar laufi á kóng og aftur laufi, sem austur tekur og spilar hratt spaðagosa til baka.

Áætlan takk.

(Umfjöllun á næstu síðu.)

NORÐUR

♠ Á
♥ 1084 A/Enginn
♦ ÁD10
♣ DG10932

VESTUR

♠ D4
♥ ÁD732
♦ G532
♣ 54

AUSTUR

♠ G109853
♥ 96
♦ K6
♣ Á86

SUÐUR

♠ K762
♥ KG5
♦ 9874
♣ K7

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Ásmundur	Sverrir	Guðm.
--	--	2 ♦ *	Pass
2 ♠	3 ♣	Pass	3 G ///

* Multi, veikir tveir í hálit.



Gylfi Baldursson og Björn Theódórsson spila við Bjarna Einarsson og Þröst Ingimarsson. Áhorfendur eru Gísli Hafliðason og Jón forseti Sigurbjörnsson, sem snýr baki í myndavélina. Úrslitin voru spiluð í húsakynnum BSÍ í Síðumúlanum, en þar má með góðum vilja koma fyrir 20 borðum með skermum.

Sverrir Ármannsson og Matthías Þorvaldsson voru í andstöðunni. Spaðadrottning kom út, síðan lauf á kóng og meira lauf, sem Sverrir tók og spilaði spaðagosa.

Sagnhafi er með átta örugga slagi og svining í tígli gæti gefið þann níunda. Þetta væri ekki vandamál í sveitakeppni, en í tvímenningi skipir máli hvort maður fer einn eða fleiri niður. Mér er illa við að gefast upp og því tók ég á spaðakóng og svinaði tíguldrottningu: Sverrir komast að til að taka fjóra spaðaslagi og síðan fékk Matthías tvo slagi á ♥ÁD: fjórir niður og mínus 200.

Í næstu kaffipásu komast ég að því að fleiri höfðu lent í þessum ógöngum. Þetta var því ekki alger botn - reyndar 6 stig af 38, en þeir sem sluppu einn niður fengu 26 stig út úr spilinu. Ég skrifaði þetta spil á "hitting" og óheppni til að byrja með, en morgunin eftir var ég á öðru máli, en þá hafði næturúrvinnsla litla heilans afhjúpað fyrir meðvitundinni vitleysuna við borðið: Auðvitað átti ég að taka átta slagi og sætta mig við einn niður.

Ástæðan?

Sverrir hefði aldrei verið svona fús að fría spaðalitinn nema hann ætti sér innkomuvon til hliðar. Og sú innkoma hlaut að vera tígulkóngurinn - ekki hjartaásinn - því án tígulkóngsins gat Sverrir búist við að sagnhafi ætti þrjá slagi á tígul og þar með a.m.k. 10 slagi. Og þá hefði hann skipt yfir í hjarta í örvæntingu, hvað sem hann átti í litnum.

♠ ♥ ♦ ♣

Veðmálið

Í undankeppninni kom upp spil sem líkveikti í Guðmundi Sveinssyni. Hann sat sem blindur og horfði á makker sinn, Jón Ingþórsson, fara niður á 7G:

NORÐUR

♠ Á1085
♥ Á10
♦ D10832
♣ K9

VESTUR

♠ G76
♥ G862
♦ G64
♣ G76

AUSTUR

♠ KD432
♥ 95
♦ 95
♣ 10432

SUÐUR

♠ 9
♥ KD743
♦ ÁK7
♣ ÁD85

Tveir sagnhafar unnu 7G með því að einfaldlega að svína hjartatíu, sem er vægast sagt nokkuð "bindandi" spilamennska. Annar vann spilið með spaðagösum út?! Eftir það útspil er austur einn um að valda spaðann og þvingast sjálfkrafa í svörtu litunum þegar sagnhafi hefur tekið átta rauða slagi. Jón Ingþórsson fékk hins vegar út tígul, hlutlaust útspil.... og fór niður, nokkuð sem Guðmundur var ekki ánægður með. Til að bæta sér upp tapið við borðið, lagði hann þrautina fyrir reykhópinn í glerbúrinu í Síðumúla. Þar voru allir á því að eina leiðin til vinnings væri sú að svína hjartatíu, en Guðmundur sagðist myndu vinna spilið án þess með

tígli út. Spurningin væri bara hvað menn væru tilbúnir til að leggja undir. Fáir voru viljugir til að efla efnahag Guðmundar með verðugum upphæðum, en ritstjórinn féllst á að leggja undir ís hjá Hebba í Stikk frí, enda forvitinn um hugljómum Guðmundar. Lausnin er lúmsk og áður en lengra er lesið er ómaksins vert að reyna við spilið.

♠ ♥ ♦ ♣

Lausnin: Sagnhafi tekur fyrst þrjá efstu í hjarta og kannar það mál. Síðan tígla. Þegar einn tígull er eftir er staðan orðin:

NORÐUR

♠ Á108
♥ -
♦ 10
♣ K9

VESTUR

♠ G7
♥ G
♦ -
♣ G76

AUSTUR

♠ KD
♥ -
♦ -
♣ 10432

SUÐUR

♠ 9
♥ 7
♦ -
♣ ÁD85

Austur verður að henda spaða í tígultíuna og þá hendir suður LAUFI! Vestur er ekki undir neinni pressu enn sem komið er og hendir laufi. En vestur sleppur ekki lengi, því þegar sagnhafi tekur þrjá efstu í laufi þvingast hann í hálitunum. Tvöföld þvingun á áföngum.

-GPA

Í FÓTSPOR EGILS TIL ROTTNEROS

Um bikarkeppni Norðurlanda

Í rúmar tvær tylftir ára hafa norrænir bridgespilarar komið saman í Rottneros í Vermalandi í Svíþjóð til að reyna með sér í vopnfimi við græna borðið. Nefnist bridgekeppni þessi bikarkeppni Norðurlanda og er haldin annað hvert ár. Hún er hugarfóstur Páls Horns, sem fæddur er og uppalinn í Rottneros en hefur nú búið í Bandaríkjunum lengi og sýslar þar við miða, græna að lit með myndum af gengnum forsetum. Bridgesamband Norðurlanda sér um að halda mótið.



Nú er þar til máls að taka að sveit undirritaðs slysaðist til að vinna bikarkeppni Bridgesambands Íslands síðasta haust og þar með réttinn til að vera fulltrúi Íslands í Rottneros í vor og sækja skatt til Vermalands eins og Egill Skalla-Grímsson forðum. Við erum fimm í sveitinni en þegar gerð var liðskönnun skömmu áður en halda átti á slóðir vikinganna kom hins vegar í ljós að ritstjóra Bridgeblaðsins fýsti lítt til fararinnar. Hafði hann uppi ræður um langar og leiðinlegar ökuferðir, tóman maga og skort á sænskum þjóðvegaspjoppum og er hann úr sögu þessari.

Héldum við því fjórir til Rottneros: Ég, Helgi Jóhannsson, Ásmundur Pálsson og Björn Eysteinnsson, og einnig var með í för valkyrjan Stefánía Skarphéðinsdóttir, send til að svinbeygja karlaveldið í norræna bridgesambandinu. Segir ekki af ferðum okkar fyrr en við komum til Sunne á heimaslóðir sænsku skáldkonunnar Selmu Lagerlöf og Fröken Fräken, sem Sven Ingvars söng lof. Fyrsta strandhögg okkar í Svíþjóð var í verslanir í Sunne í leit að plötum kappans sem hægt væri að spila í bílnum. Þær reyndust hvergi finnanlegar. Ekki fórum við alveg tómhentir út úr kaupfélaginu því við rákumst á hillu fulla af músagildrum. Þar sem við erum ávallt með augun opin fyrir endurbótum á sagnkerfinu sáum við í hendi okkar að gildir þessar gætu verið hin ákjósanlegasta vörn gegn því hvimleiða meindýri sem kallast norskir tveir og felst í því að opnað er á 2♦ til að sýna báða hálti og veik spil. Fjárfestum við því í einni slíkri.

Þegar í Rottneros lystigarðinn var komið settumst við fyrst niður gegn Svíum. Heimamenn sendu á móti okkur berserkina P. O. Sundelin, Tommy Gullberg, Sven-Åke Bjerregård og Johan Sylvan. Okkur hafði einnig borist nýjón um að íslenskur flugumaður, Magnús Magnússon, væri leynivopn sveitarinnar.

Leikurinn byrjaði vel hjá Ásmundi og Birni en að sama skapi illa hjá okkur Helga:

NORDUR
♠ ÁD9
♥ D
♦ Á8765
♣ Á954

A/Enginn

VESTUR
♠ G5
♥ ÁK52
♦ D1094
♣ K102

AUSTUR
♠ 8763
♥ 10763
♦ K
♣ 8763

SUDUR
♠ K1042
♥ G984
♦ G32
♣ DG

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sundelin	Björn	Sylvan	Ásmundur
--	--	Pass	Pass
1 ♣	1 ♦	Pass	1 G
Pass	3 G ///		

Það var aðeins spilað geim við tvö borð af sex. Sundelin spilaði út hjartaás og síðan meira hjarta og Sylvan lét tíuna sem Ásmundur drap heima og spilaði enn hjarta sem Sundelin tók með kóng. Nú kom tígull sem Sylvan fékk á kóng. Hann skipti í laufaáttu á gosa, kóng og ás. Ásmundur tók nú slagina sína á spaða og hjarta og kreisti Sundelin í láglitunum og fékk þannig 10 slagi. 430 til Íslands.

Við hitt borðið ákvað Helgi að kanna án tafar úr hvaða efni Svíarnir væru gerðir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Guðm.	Bjerregård	Helgi	Gullberg
--	--	Pass	Pass
1 ♦	Pass	1 ♥	Pass
2 ♥	Dobl	3 ♥	Pass
Pass	Dobl ///		

Það reyndist ólseigt í þeim og Bjerregård uppskar 500 og 2 impa.

Eftir þetta tókst okkur þokkalega að fbera af okkur spjótalög Svíanna og höfðum 6 impa forskot í hálfleik, 34:28. Í síðari hálfleik var einnig nokkuð jafnt á

komið með liðum en þó höfðum við oftar betur. Sundelin þykir stundum íhuga helsti vel og lengi það sem hann ætlast fyrir við spilaborðið. Sannreyndum við þetta í síðari hálfleiknum er þeir Sylvan villtust í slemmu sem þurfti nokkurra svíninga við. Á ákveðnum stað í spilinu lagðist Sundelin undir feld í rúmar 20 mínútur og fór síðan einu leiðina sem lá niður á spilinu. Kættumst við mjög Íslendingar. Lauk viðureigninni þannig að Ísland fékk 78 impa en Svíar 61 þótt Svíar hefðu skipt leynivopni sínu inná í hálfleiknum; unnum við því leikinn 18:12.

Gengum við nú fullir sjálfstrausts á vit afkomenda Gorms hins gamla Danakonungs. Þeir voru Jens Auken og Lars Blakset, sem hafa marga fjöruna sopið, og tvö hálftröll, Nicolai Kampmann og Mathias Bruun. Reyndust þeir erfiðir viðureignar og við komumst lítt áfram. Eitt besta spilið okkar var þegar ég svínaði tíguldrottningunni í þremur gröndum og Auken reyndi að drepa með hjartakóngi sem varð samstundis refsispil. Þetta nægði mér til að vinna spilið en Danir unnu leikinn, 63:46 eða 18:12.

Eftir góðan viðurgerning og nokkurn nætursvefn mættum við galvaskir á spilastað á ný til að eiga orrustu við þá þjóð sem rak forfeður okkar Íslendinga úr landi á sínum tíma. Kom nýja sagnvenjan í góðar þarfir því ekki höfðu norskir fyrr dregið upp kerfiskortið en Björn skellti músagildrunni á borðið fyrir framan þá. Varð þeim svo mikið um að þeir opnuðu aldrei á norskum tveimur í leiknum.

Björn og Ásmundur voru þeir einu sem fengu töluna í NS í þessu spili:

NORDUR
♠ Á
♥ Á6
♦ Á2
♣ ÁD865432

N/Allir

VESTUR
♠ 8643
♥ 5
♦ DG85
♣ KG109

AUSTUR
♠ KD10952
♥ K1032
♦ 64
♣ 7

SUDUR
♠ G7
♥ DG9874
♦ K10973
♣ -

Norðurspilaramir fengu flestir glýju í augun þegar þeir tóku upp spil sín og linnu ekki látum fyrr en í 6♣. Þeir sem sátu í vestur voru svo sælir með þá niðurstöðu að þeir dobluðu ekki og uppskáru 300 fyrir þrjá niður. Sú tala var skrifuð við öll borð nema eitt, þar sem Björn og Ásmundur sátu NS en Helge Mæsel og Øystein Jensen AV:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Mæsel	Björn	Jensen	Ásmundur
--	2 ♣	Pass	2 ♦
Pass	3 ♣	Pass	3 ♥
Pass	4 ♣	Pass	4 ♥ ///

Opnun Björns var sterk, annað hvort geimkrafa eða jafnir 20-22 punktar. Tveir tíglar var biðsögn og Björn sýndi þá sterka hönd með laufflit. Ásmundur sagði síðan frá hjartanu og þar sem Björn er orðinn eldri en tvævetur sá hann í hendi sér að Ásmundur átti ekki stuðning við laufið; því gafst hann upp í fjórum hjörtum.

Vestur spilaði út spaða og Ásmundur tók laufás og henti spaða og tók þá tígulás og kóng og trompaði tígul með sexunni. Austur taldi litla ástæðu til að veikja tromplitinn og henti spaða. Ásmundur trompaði þá lauf, trompaði tígul með ás, trompaði lauf og spilaði hjartadrottningu. Austur drap með kóng og spilaði spaða sem Ásmundur trompaði. Hann spilaði tígli sem austur trompaði og spilaði trompi, en Ásmundur svínaði níunni og fékk 11 slagi.

Þegar orrusturykinu létti höfðum við skorað 76 impa gegn 31 og unnið leikinn með 23 stigum gegn 7. Þóttumst við þá hafa hefnt Egils og áa hans sem Noregskonungar fjandsköpuðust við á sínum tíma.

Næsta viðureignin var við sonu Finnmerkur sem í leiknum á undan höfðu tapað fyrir Færeyingum. En við vorum enn að skipta norska herfanginu og vissum ekki til en fyrri hálfleik var lokið og við vorum undir, 20:27. Bitum við í skjaldarrendur í síðari hálfleik og unnum leikinn 60:38 eða 19:11. Hefði sigurinn getað orðið stærri hefðum við Helgi sagt slemmu þar sem engan slag mátti gefa á ÁD5 á móti 10983. Reyndust kóngur og gosi báðir liggja rétt fyrir sviningunni. Sá Helgi nokkuð eftir þessu herfangi sem hafði gengið honum úr greipum en bar sig vel og sagði við Finnana, að íslenskir heiðursmenn færu ekki þannig með vini sína að segja slíkar slemmur. Á eftir kom í ljós að hin dönsku hálftröll höfðu ekki látið slíkar

Guðm. Sv. Hermannsson
skrifar um för víkingasveitarinnar til Vermalands í leit að impasilfri

kenndir verða sér fjötur um fót og sögðu slemmuna gegn Norðmönnum og einnig alslemmu þar sem svína þurfti fyrir tvær drottningar; og lágu báðar. Var eftirtekja norskra úr leiknum því rýr.

Nú er að segja frá leiknum við Færeyinga sem eru þrekmenn miklir og hefur greinilega orðið gott af skerpukjöti og svartfuglseggi. Þekkja þeir stundum ekki afl sitt og verða af byltur miklar og hafa þá ýmsir betur. Kvöldið áður drukku þeir fjórmenning langt fram eftir nóttu á gistihúsinu. Sá undirbúningur skilaði sér í sigri á Finnum 21:9. Næsta leik töpuðu þeir fyrir Svíum, 0:25!

Fátt bar til tíðinda í leiknum fyrr en Ásmundur og Björn ákváðu að reyna aðeins á þórlifin í Færeyingunum.

NORÐUR		
♠	8642	
♥	D854	A/Allir
♦	G	
♣	KG97	
VESTUR		AUSTUR
♠	D109753	♠ ÁG
♥	92	♥ 3
♦	7543	♦ KD962
♣	5	♣ 108642
SUÐUR		
♠	K	
♥	ÁKG1076	
♦	Á108	
♣	ÁD3	

Við annað borðið sátu Ásmundur og Björn AV og Arnbjörn Sivertsen og Hans Jákup Petersen NS. Þar opnaði Hans Jákup á fullsterkum 2♣ í suður en það nægði ekki til að þagga niður í Íslendingunum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ásmundur	Arnbjörn	Björn	Hans
--	--	Pass	2 ♣
Pass	2 ♦	Dobl	2 ♥
4 ♦	4 ♥	5 ♦	Dobl ///

Hans Jákup var feginn að dobla 5♦ enda átti hann ekki mikið fyrir alkröfunni. Ásmundur hirti spaðakónginn af suðri og fór því þrjá niður, 800 til Færeyinga; en það hjó samt nokkurt skarð í Butlerinn eign Björns og Ásmundar þar sem pör í salnum spiluðu flest 4♥ í NS. Við hitt borðið tókst okkur Helga þó að ná slemmuni; andstæðingarnir voru Bogi Simonsen og Rói á Rógvu Joensen:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bogi	Helgi	Rói	Guðm.
--	--	Pass	1 ♣
2 ♠	Dobl	3 ♦	3 ♥
Pass	4 ♦	Pass	6 ♥ ///

Ég opnaði á sterku laufi og Helgi sýndi 5-8 punkta með doblinu. Boga langaði mjög að hækka tígulinn yfir 3♥ en sagði pass eftir langa yfirlegu. Þá gat Helgi sagt 4♦ sem luku höndinni upp. Ég sá að Helgi hlaut að eiga einspil í tigli og laufakóng og hjartadrottningu fyrir sögnunum og því var auðvelt að telja 12 slagi.

En þrátt fyrir þetta höfðu Færeyingar betur í fyrri hálfleik og var staðan 24:16. Líkaði okkur það allilla og sigu brúnir ofan á kinnar. Þær lyftust heldur þegar komið var heim í náttstað og við fregnuðum að fulltrúum bridgespilara hefði fjölgað á Alþingi en þá um daginn voru kosningar á Íslandi. Þetta örvaði okkur til slíkra dáða, morguninn eftir þegar við spiluðum síðari hálfleikinn við Færeyinga, að okkur tókst að vinna leikinn, 51:35, eða 18:12. Það dugði í 2. sætið á mótinu en lokastaðan varð þessi:

Danmörk	108	
Ísland	90	
Svíþjóð		81
Noregur	69	
Finland		52
Færeyjar		38

Björn og Ásmundur hrepptu þriðja sætið í Butlertvímenningnum góða, á eftir dönsku þörunum tveimur og við Helgi enduðum einnig með græna tölu. Og hlaðnir silfri, sóttu í greipar Verma, héldum við því heim á leið og hlutum góðan byr til Íslands og lýkur þá sögu þessari.



Bikarmeistarar Norðurlanda 2003. Frá vinsti eru Pál Horn, Mathias Bruun, Nicolai Kampmann, Jens Auken og Lars Blakset. Myndina tók Ib Lundby.

“CONFIT” VIÐ GRANDI

HRANNAR ERLINGSSON skrifar hér um CONFIT-sagnvenjuna, sem einkum er notuð við opnun á grand. Tilgangurinn er að finna góðar slemmur á 8-spila samlegu, þegar skiptingin er tiltölulega jöfn. Sagnvenjan gengur út á að komast að heildarfjöldi kontróla (controls) og finna góða samlegu (fit). Enska heitið er myndað af þessu tvíþætta hlutverki: CON-FIT.

Þú tekur upp...

♠ K832 ♥ K95 ♦ ÁD76 ♣ K4

... og makker opnar á 15-17 HP grand. Hvað nú? Augljóslega er litarslemma möguleg ef það finnst 8 spila samlega, en hins vegar eru 6G ekki líkleg til að vinnast á móti jafnskiptri hendi. Ef félagi á...

♠ ÁD6 ♥ Á8 ♦ K1042 ♣ DG85

... byggjast 6G í stórum dráttum á því að tígullinn liggi og spaðinn sé 3-3. 6♦ er hins vegar mjög góð slemma.

Með hefðbundnum aðferðum er oft mjög erfitt að finna góðar slemmur á tvær jafnskiptar hendur, sem skortir aðeins í styrk upp á að gera 6G góð. En reynslan sýnir að litarslemma er oft góð á jafnar hendur þótt punktafjöldinn sé eitthvað undir 33 (29-32). En þá þurfa þrjú skilyrði að vera til staðar:

- * Átta-spila trompsamlega.
- * A.m.k. 10 kontról (Á=2, K=1).
- * Góður tromplitur.

CONFIT-sagnvenjan er hugsuð til það taka á þessum höndum á einfaldan máta. Þegar félagi opnar á grandsögn og þú átt á móti jafna skiptingu og sérd minnst 29 punkta á milli handanna, þá er rétti tíminn til að ræsa CONFIT.

Sagnvenjan gengur einfaldlega út á að spyrja opnara um fjölda kontróla. Opnari svarar í þrepum þar sem lægsta þrep er lágmarksfjöldi kontróla og hvert þrep þar fyrir ofan sýnir einu kontróli meira en næsta fyrir neðan. Viðmið fyrir lágmarksfjöldi kontróla eru:

12-14 HP	3 kontról
15-17 HP	4 kontról
18-19 HP	5 kontról
20-22 HP	6 kóntról
23-24 HP	7 kontról

Ef í ljós kemur að 10 eða fleiri kontról eru á milli handanna þá eru litir sagðir eðlilega neðan frá þar til samlega finnst

SAGNTÆKNI

Hrannar Erlingsson

(eða ekki). Séu kontrólin hins vegar færri en 10 er einfaldlega slegið af í 3G, enda er slemma þá nánast örugglega ekki betri en 50%. Í framhaldinu eru sagnir eins eðlilegar og framast er unnt. Fjögur og fimm grönd eru alltaf eðlilegar sagnir, og stökkhækkarnir eru betri en einfaldar hækkarnir. Litarsögn sýnir minnst háspil fjórða, og sögn í lit þar sem félagi hefur neitað segjanlegum lit lofar fimm spilum. Í sjálfu sér skiptir ekki meginmáli hvaða sögn undir 3G er notuð sem CONFIT, en algengt er að nota 3♣ eða 3♦ yfir 1G, og 3♠ yfir 2G.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um notkun CONFIT. Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir opnun á veiku grand (12-14), en sömu almennu reglur gilda óháð styrk grandsagnarinnar:

Vestur	Austur
♠ ÁD76	♠ K1042
♥ K95	♥ Á8
♦ K832	♦ ÁD6
♣ G4	♣ KD95

1 G ¹⁾	3 ♦ ²⁾
3 ♠ ³⁾	4 ♣ ⁴⁾
4 ♦ ⁴⁾	4 ♠ ⁴⁾
6 ♠ ⁵⁾ /	

- 1) Veikt grand, 12-14.
- 2) CONFIT, spurning um kontról.
- 3) Fjögur kontról.
- 4) Litir.
- 5) Hámark og 2 háspil í trompi.

Þegar austur kemst að því að það eru 10 kontról á milli handanna, hefst leit að tromplit með eðlilegum sögnum upp á við (annars 3G). Allar litarsagnir lofa minnst Dxxx í litnum. Austur sýnir lauf-lit, vestur tígullit, og þegar austur nefnir spaðann er liturinn fundinn. Með tvö háspil í trompinu stekkur opnari beint í 6♠, en með eitt háspil hefði hann sagt 5♠ og sögnum hefði lokið þar í þessu spili.

Vestur	Austur
♠ KG6	♠ D1072
♥ Á1076	♥ K8
♦ G9	♦ ÁK6
♣ KG102	♣ ÁD95

1 G ¹⁾	3 ♦ ²⁾
3 ♠ ³⁾	4 ♣ ⁴⁾
4 ♥ ⁴⁾	4 ♠ ⁴⁾
6 ♣ ⁵⁾ /	

- 1) Veikt grand, 12-14.
- 2) CONFIT, spurning um kontról.
- 3) Fjögur kontról.
- 4) Litir.
- 5) Hámark og 2 háspil í trompi.

Opnari hefur hérna val á milli þess að hækka laufið strax eða segja 4♥ í milli-tíðinni. Hefði opnari ekki átt fyrir 6♣ í næsta hring, hefði hann neyðst til að hækka laufin strax, þar sem 5♣ yfir 4♣ í næsta hring hefðu sýnt ósegjanlegan lit (xxxx) eða háspil þriðja.

Vestur	Austur
♠ KG6	♠ D1072
♥ Á1076	♥ K8
♦ G9	♦ ÁK64
♣ KG102	♣ ÁD9

1 G ¹⁾	3 ♦ ²⁾
3 ♠ ³⁾	4 ♦ ⁴⁾
4 ♥ ⁴⁾	4 ♠ ⁴⁾
4 G ⁵⁾ /	

- 1) Veikt grand, 12-14.
- 2) CONFIT, spurning um kontról.
- 3) Fjögur kontról.
- 4) Litir.
- 5) Engin samlega.

Hérna er kontrólafjöldinn nægur, en eftir tvær eðlilegar sagnir hjá svarhönd veit opnari að það er ekki samlega í laufi og slær af í 4G með lágmarkið. Með örlítið meira hefði austur gefið áskorun með 5G (það væri reyndar gaman að komast í 6♣ á þessu spil, en það er önnur saga).



Helsti kostur CONFIT er hversu einföld sagnvenjan er. Það er deginum ljósara að með vel hönnuðum spurnarsögnum er hægt að ná mun meiri nákvæmni, en einfaldleikinn getur hins vegar vegið það margfalt upp. Það eru heldur ekki margar sagnvenjur sem gefa færi á að spila 5G af og til!

CONFIT er tæplega 30 ára gömul sagnvenja og var fyrst kynnt af Dr. George Rosenkranz, höfundi Romex-kerfisins. Hann er jafnframt höfundur super-CONFIT, sem svipar um margt til CONFIT, en er notuð við alslemmuleit.

Hrannar Erlingsson

SLAUFU EFTIR TÍGULSTÖKK

EKKI ALLS fyrir löngu var ritstjórinn að blaða í gömlum tímaritum *Bridge Today* og rakst þá á snjalla hugmynd til að leysa vandræðastöðu í *Standard*. Hugmyndin er komin frá Benito Garozzo, en greinin var skrifuð af Matthew Granovetter, ritstjóra *Bridge Today*. Málið snýst um framhald sagna eftir tígulopnun, svar á hálit og stökk opnara í þrjá tígla.

Við þekkjum þessi vandræði:

A Vestur	Austur
♠ 2	♠ 1065
♥ D6	♥ K875
♦ ÁKD9876	♦ G102
♣ ÁD4	♣ K103
1 ♦	1 ♥
3 ♦	3 G /

B Vestur	Austur
♠ 2	♠ K103
♥ D6	♥ K875
♦ ÁKD9876	♦ G102
♣ ÁD4	♣ 1065
1 ♦	1 ♥
3 ♦	3 G /

SAGNTÆKNI

Matthew Granovetter

Vestur er með sömu spil í báðum dæmum og austur næstum því - eini munurinn er sá að svörtu litunum hefur verið snúið við. Austur hlýtur að segja 3G við 3♦ í báðum dæmum, en með mjög misjöfnum árangri. Rétti samningurinn er 5♦ í dæmi A, en 3G í dæmi B. Vestur veit ekkert í sinn haus og getur ekki tekið skynsamlega afstöðu við 3G.

Vandinn er þessi: Rýmið er þröngt, en svarhönd þarf að geta gert ýmislegt undir þremur gröndum:

- * Endurmeldað hálitinn sinn.
- * Sýnt fyrirstöðu í laufi en ekki hinum hálitnum.
- * Sýnt fyrirstöðu í hinum hálitnum en ekki laufi.
- * Sagt frá fyrirstöðu í báðum hálitum.

Garozzo (og Granovetter) mæla með eftirfarandi slaufu til að leysa vandann:



Svarhönd	Opnari
-	1 ♦
1 ♥/♠	3 ♦

3 ♥ = Tvírætt svar, annað hvort endurmelding á hálitnum (hjarta eða spaða), eða fyrirstaða í hinum hálitnum.

3 ♠ = Fyrirstaða í laufi, en ekki í hinum hálitnum.

3 G = Fyrirstaða í báðum hálitum.

Tvíræðni 3ja hjarta sagnarinnar leysir vandann. Opnari spyr með 3♠ og fær eftirfarandi svör:

B Vestur	Austur
♠ 2	♠ K103
♥ D6	♥ K875
♦ ÁKD9876	♦ G102
♣ ÁD4	♣ 1065
1 ♦	1 ♥
3 ♦	3 ♥
3 ♠	3 G = ♠-stopp
Pass	

Með hjartalit hefði svarhönd farið upp á fjórða þrep, sagt 4♥ eða leitað eftir slemmu.

Íslandsmeistarar í þremur flokkum



Íslandsmeistarar kvenna í sveitakeppni

Sveit PricewatersCoopers varð Íslandsmeistari í kvennaflokki í spennandi móti, aðeins einu vinningsstigi fyrir ofan sveit Stefaníu Sigurbjörnsdóttur (Fimm frækjar). Jón Sigurbjörnsson forseti BSÍ afhenti sigurvegurunum Íslandsbikarana. Frá vinstri: Jón, Ljósbrá Baldursdóttir, Esther Jakobdsóttir, Anna Þóra Jónsdóttir og Jacqui McGreal. Kristjana Steingrimsdóttir varð efst í butlerreikningi mótsins, en hún spilaði í sveit Fimm frækinna.



Íslandsmeistarar ungmenna í sveitakeppni

Vegna lítillar þátttöku snerist Íslandsmót ungmenna upp í 96 spila einvígisleik tveggja sveita. Myndin er af sigursveitinni. Frá vinstri: Aðalsteinn J. Halldórsson, Sigurður Björgvinsson, Sigurbjörn Haraldsson, Anna Guðlaug Nielsen og Halldór Sigfússon. Á myndina vantar þingamanninn, Birki Jónsson. Mótherjarnir komu frá Húsavík: Hanna Dís Hannesdóttir, Hólmfríður Anna Aðalsteindóttir, Arnar Þór Arnarsson og Óttar Ingi Oddsson.



Verðlaunahafar í paratvímenningi

Fjórutíu pör tóku þátt í Íslandsmótinu í paratvímenningi, sem haldið var helgina 22.-23. mars. Anna Ívarsdóttir og Þorlákur Jónsson unnu sannfærandi sigur, tóku snemma forystuna og héldu henni til loka. Hrafnhildur Skúladóttir og Jörundur Þórðarson urðu í öðru sæti, en bronsverðlaunin komu í hlut Drafnar Guðmundsdóttur og Ásgeirs Ásbjörnssonar. Frá vinstri: Ásgeir, Dröfn, Anna, Þorlákur, Jörundur og Hrafnhildur.

SAGNKEPPNI

Tvö af sterkustu pörum landsins takast á sagnkeppni Bridsblaðsins í þetta sinn, annars vegar Jón Baldursson og Þorlákur Jónsson, og svo bræðurnir Anton og Sigurbjörn Haraldssynir. Jón og Þorlákur spila tiltölulega skiljanlegan Standard með 15-17 punkta grand og veikum tveimur, en bræðurnir eru sífellt að þróa sérviskulegra kerfi, sem erfitt er að fella í flokk með því sem almennt viðgengst. Kerfi þeirra er einhvers konar blanda af Standard og Pólska laufinu, en undir sterkum ítölskum áhrifum, auk þess sem grandin er breytilegt og stundum fárveikt. Yfirfærslur eru mikið notaðar í ólíklegustu stöðum og eitt og annað kemur upp sem enginn skilur nema innvígðir.

SPIL 1

V/Enginn

Vestur	Austur
♠ KG5	♠ ÁD86
♥ 7	♥ Á532
♦ ÁKD85	♦ G109
♣ ÁK73	♣ 64
Jón	Þorlákur
1 ♦	1 ♥
3 ♣ =geimkrafa	3 ♦
3 ♠	4 G =RKC
5 ♣	5 ♥ =spurning um TD
5 ♠ =TD+spáðakóngur	5 G =meira?
6 ♣ =laufkóngur	7 ♦ /
Anton	Sigurbjörn
1 ♦	1 ♥ =spáði
1 G =16+, krafa	2 ♣ =8+, spurning
2 ♥ =3-litur í spáða	3 ♦ =tígulsamþykkt
4 ♥ =splinter	4 ♠
5 ♣ =oddatala ása	5 ♥
5 ♠	5 G
6 ♦ /	

Jón krefur í geim með 3♣ og Þorlákur setur tromplitinn með 3♦. Jón sýnir þá styrk í spáða og Þorlákur spyr um lykilsþil. Hann fær upp nógu mörg til að reyna við sjö með 5♥, sem er spurning um trompdrottningu og ósagðan styrk. Jón sýnir spáðakóng og svo laufkóng við 5G, sem dugir Þorláki í sjö.

Spilið endurspeglar vel kerfi bræðranna. Sigurbjörn yfirfærir í spáða með 1♥ í fyrsta svári. Anton sýnir sterk þil með 1G og 2♣ á móti er krafa í geim, en gervisögn. 2♥ sýnir spáðaprilit (aftur yfirfærsla), 3♦ styður tígulinn og 4♥ er splinter. 5♣ er fyrirstaða og lofar oddatöluþjólda lykilsþila, annað öðlilegt.

7♦=10, 6G=7, 6♦=5, 5G=1

Jón og Þorlákur: 10 stig

Anton og Sigurbjörn: 5 stig.

SPIL 2

V/NS

Vestur	Austur
♠ K4	♠ ÁG107532
♥ ÁD7	♥ G106
♦ 10962	♦ --
♣ KDG5	♣ Á76
Jón	Þorlákur
1 G	2 ♥ =yfirfærsla
2 ♠	4 ♦ =splinter
4 ♥	5 ♣
6 ♠ /	
Anton	Sigurbjörn
1 ♣	1 ♥ =spáði
1 G =13-16	4 ♦ =splinter
4 ♥	4 ♠
4 G =jöfn tala "ása"	5 ♣
5 ♥	6 ♠ /

Þorlákur yfirfærir fyrst í spáða, en sýnir svo tálgaðan tígul og slemmuáhuga með splinterstökki í 4♦. Þótt Jón eigi lágmarksgrand og aðeins tvíþil í spáða, eru öll þil hans virk á móti stuttum tígli.

Sigurbjörn segir frá spáðalit með hjarta-svarinu og endursögn Antons á 1G neitar þrilitarstuðningi við spáðann. Styrkurinn er 13-16 punktar í þessari stöðu, því þeir opna á minigrandi utan hættu (9-12). Sigurbjörn gefur makker undir slemmuþótinn með splinter, en slær síðan af í 4♠. En þá heldur Anton áfram með 4G - sem er ekki spurning um lykilsþil, heldur sýnir jafna tölu lykilsþila. Það dugir Sigurbirni í slemmuna þegar hann kemst að því að makker á ekki tígulásinn.

6♠=10, 7♣=9, 7♠=7, 6♣=7, 5♠=6, 5♣=4

Jón og Þorlákur: 20 stig.

Anton og Sigurbjörn: 15 stig.

SPIL 3

V/NS

Vestur	Austur
♠ G64	♠ 873
♥ ÁKG5	♥ --
♦ G3	♦ ÁK7
♣ KD107	♣ ÁG98643
Jón	Þorlákur
1 ♣	2 ♣ =krafa
2 G	3 ♥ =stuttþilur
3 G /	
Anton	Sigurbjörn
1 ♣	1 ♠ =neitar hálit
1 G =13-16	3 ♥ =lauf og splinter
3 G	4 ♥ =eyða
5 ♣ /	

Jón og Þorlákur uppskera vel á heimatilbúinni sagnvenju. Eftir einfalda hækkun í lágþil og 2G opnara, sýnir svarhönd stuttþil á þriðja þrepi.

Bræðurnir hafa yfir sams konar vopni að ráða. Spáðasvarið neitar hálit og 1G er 13-16. Stökkið í 3♥ lofar minnst sexþil í laufi og sýnir um leið stutt hjarta! Sigurbjörn átti kost á því að passa 3G eins og Þorlákur, en Anton gat átt 16 punkta og því var freistandi að sýna eyðuna.

3G=10, 4♣=7, 2G=6, 5♣=3

Jón og Þorlákur: 30 stig.

Anton og Sigurbjörn: 18 stig.

SPIL 4

A/AV

Vestur	Austur
♠ Á7643	♠ D8
♥ 642	♥ ÁG7
♦ K8	♦ ÁDG9643
♣ Á64	♣ 5
Jón	Þorlákur
--	1 ♦
1 ♠	3 ♦ /
3 G /	
Anton	Sigurbjörn
--	1 ♦
1 ♥ =spáði	2 ♦
3 ♦	3 ♥
3 G /	

Átakalítil afgreiðsla hjá báðum pörum. Reyndar mættu Jón og Þorlákur taka upp sagnvenju Garozzos, sem fjallað er um annars staðar í blaðinu og gildir fyrir þessa sérstöku stöðu. Eftir rólega endursögn Sigurbjörns á 2♦ höfðu bræðurnir meira svigrúm til að kanna fyrirstöðurnar til hliðar.

4G=10, 5♦=7, 6♦=2, 4♠=1

Jón og Þorlákur: 40 stig.

Anton og Sigurbjörn: 28 stig.

SPIL 5

V/AV

Vestur	Austur
♠ K96	♠ 104
♥ KDG75	♥ 106
♦ 7	♦ ÁDG8
♣ Á1094	♣ KDG65
Jón	Þorlákur
1 ♥	2 ♣
3 ♦ =splinter	3 G /
Anton	Sigurbjörn
1 ♥	2 ♣
3 ♦ =splinter	3 G /

Jón Baldursson og Þorlákur Jónsson



Anton Haraldsson og Sigurbjörn Haraldsson

Sama sagnröðin hjá báðum þörum: Eðlileg opnun á hjarta, laufsvor og splinterstökk í 3♦. Fín afgreiðsla, þótt niðurstaðan sé kannski ekki sú allra besta. Þetta verður að flokkast undir dæmigert sagnkeppnisspil þar sem besti samningurinn er ófinnanlegur nema fyrir slembilukku.

4♥=10, 5♠/V=7, 5♣/A=5, 3G=5,
2G=4, 3♥=4, 4♠=4

Jón og Þorlákur: 45 stig.

Anton og Sigurbjörn: 33 stig.

SPIL 6

V/AV

Vestur	Austur
♠ KD764	♠ Á2
♥ D7	♥ ÁK106
♦ G1032	♦ ÁD976
♣ 105	♣ Á2

Jón	Þorlákur
Pass	1 ♦
1 ♠	2 ♥ =vending
3 ♦ =jákvætt	3 ♥
3 ♠	4 ♣
5 ♦	6 ♦ /

Anton	Sigurbjörn
Pass	1 ♦
1 ♥ =spaði	2 ♥ =vending
3 ♦ =jákvætt	4 ♣
4 ♦	4 ♥
4 ♠	4 G =jöfn tala ása
5 ♦	5 ♥
6 ♦ /	

Hvorugt parið notar Tartan-tvo og því passar vestur í upphafi. Austur opnar á tígli og kemur svo sterkum spilum til skila með vendingu í 2♥. Þegar vestur styður tígulinn jákvætt með 3♦ setur austur stefnuna ótrauður á 6♦ og kannar sjö í leiðinni. Þorlákur missir áhugann á alslemmu þegar Jón stekkur í 5♦ (sem er veikara en fjórir), en bræðurnir feta sig hægar áfram. Fjögur grönd Sigurbjörns segja frá jafnri tölu lykilsþila (2 eða 4) og Anton slær af í 5♦. Sigurbjörn reynir enn við sjö með 5♥, sem sýnir 4 ása en ekki 2, en Anton þarf 5 lykilsþil og lýkur sögnum með sex tígum.

6♦=10, 7♦=8, 5♦=6, 4♠=5, 3G=3

Jón og Þorlákur: 55 stig.

Anton og Sigurbjörn: 43 stig.

SPIL 7

A/NS

Vestur	Austur
♠ K	♠ ÁDG9
♥ G109753	♥ KD6
♦ 642	♦ Á108
♣ K63	♣ Á109

Jón	Þorlákur
--	2 G
3 ♦ =yfirfærsla	3 ♥ =fit
3 ♠ =fyrirstaða	4 ♣
4 ♥	5 G
6 ♥ /	

Anton	Sigurbjörn
--	2 G
3 ♦ =yfirfærsla	3 ♥ =fit
3 G =áhugi	4 ♣
4 ♦	6 ♥ /

Eðlileg opnun á 2G er einn helsti veikleikinn í Standard og virkar oft sem hrein hindrun á eigin slemmudrauma. En hvorki Jón né Anton láta slá sig út af laginu. Þeir yfirfæra í hjarta og gefa til kynna slemmuáhuga þegar makker sýnir stuðning með því að taka yfirfærslunni. Jón meldar spaðafyrirstöðuna, en Anton gefur "jafnskipta" áskorun með 3G.

6♥=10, 5♥=6, 3G=4, 4G=3, 6G=3

Jón og Þorlákur: 65 stig

Anton og Sigurbjörn: 53 stig.

SPIL 8

V/AV

Vestur	Austur
♠ D10843	♠ Á752
♥ ÁKD5	♥ 8
♦ Á72	♦ D9654
♣ 6	♣ ÁK4

Jón	Þorlákur
1 ♠	2 G =spaðasamþykkt
3 ♣ =stutt lauf	3 ♥
3 ♠	4 ♠
4 G =RKC	5 ♥
6 ♠ /	

Anton	Sigurbjörn
1 ♠	2 ♦
2 ♠ =hjarta	3 ♠
4 ♣	4 ♥
4 G =jöfn ásatala	5 ♠ /

Styrkurinn er mikill, en nýtist illa og ekki er ráðlegt að fara upp fyrir 4♠. Þorlákur sýnir sterkan spaðastuðning strax með 2G, en Sigurbjörn byrjar á tíglinum og styður svo spaðann sterkt. Það er erfitt fyrir vestur að halda aftur af sér eftir slíka hvatningu.

4♠=10, 5♠=7, 4G=5, 5♦=3, 6♠=3, 6♦=1

Jón og Þorlákur: 68 stig.

Anton og Sigurbjörn: 60 stig.

SPIL 9

A/NS

Vestur	Austur
♠ ÁK5	♠ G87
♥ 4	♥ ÁG65
♦ K10872	♦ DG
♣ ÁD43	♣ K1098

Jón	Þorlákur
--	1 ♣
1 ♦	2 G =11-14
2 ♠ =geimkrifa	2 G
3 ♣	3 ♥ =styrkur
4 ♣	4 ♥
4 ♠	5 ♣ /

Anton	Sigurbjörn
--	1 G =9-12
2 ♠ =láglitaspurning	3 ♣
3 ♥ =stutt hjarta	4 ♣
4 ♦	4 ♥
4 ♠	4 G =jöfn tala "ása"
5 ♠	6 ♣ /

Jón krefur í geim með 2♠, teiknar upp stutt hjarta með 3♣ og reynir við slemmu með 4♣. Þorlákur veit að litlu hjónin í tígli eru góð, en lágmark er lágmark. Anton er hins vegar mjög brattur á móti litla grandinu (9-12), byrjar á láglita "Stayman" og sýnir svo stutt hjarta með 3♥. Sigurbjörn er með hámarksgrand og tekur þátt í slemmuleiknum af þunga.

6♣=10, 5♣=6, 3G=5, 6G=3, 6♦=3

Jón og Þorlákur: 74 stig.

Anton og Sigurbjörn: 70 stig.

SPIL 10

A/NS

Vestur	Austur
♠ D8	♠ ÁG752
♥ 54	♥ ÁKG8
♦ ÁKG987	♦ 2
♣ K94	♣ Á83

Jón	Þorlákur
--	1 ♠
2 ♦	2 ♥
2 G =geimkrifa	3 ♣
3 ♦	3 ♥
3 ♠	4 G
5 ♦	6 ♦ /

Anton	Sigurbjörn
--	1 ♠
2 ♦ =geimkrifa	2 ♠ =hjarta
2 G	3 ♣
3 ♠	3 G /

Það hafa unnist slappari slemmur, en í sagnkeppni er ekki spurt um leguna.

3G=10, 5♦=10, 4G=8, 4♠=8, 5G=6,
5♠=6, 6♦=3, 6G=3, 6♠=1

Jón og Þorlákur: 77 stig.

Anton og Sigurbjörn: 80 stig.

NL Í FÆREYJUM

AD MORGNI dags þann 19. maí lagði 13 manna hópur af stað í Færeyjaferð í “Power Enterprise” vél Flugfélags Íslands, sem í daglegu tali gengur undir nafninu Rörið. Í flughöfn FÍ á Reykjavíkurlugvelli tók Anton Haraldsson á móti hópnunum, en hann hafði rífið sig upp fyrir allar aldir til að stappa stálinu í mannskapinn fyrir komandi átök. Eftir að hafa skálað við Anton í heitu kaffi, gengu ferðalangar hnarreistir út á malbikaðan flugvöllinn, upp vélarstigann og lögðu sig svo saman í miðjunni þegar þeir skriðu inn í gljáfægðan farkostinn. Veður var einstaklega fagurt, stillt og sólbjart. Á slaginu níu reis Rörið upp á endann og setti stefnuna á Færeyjar í Danaveldi. Allir voru glaðir og tilbúnir í slaginn við norræna frændur vora, sem daginn áður höfðu komið sér fyrir á kartöflurýmum hótélum í miðbæ Þórshafnar - það var *strækur* í Færeyjum og nýlenduvörur skornar við nögl. Rörið kom þrettánmenningunum klakklaust inn á Vog og þaðan fór hópurinn með *Mouritsenbusses* í gegnum “Hvalfjarðargöng” til Þórshafar og beint inn á Hótel Hafn, en þar uppi á efstu hæð voru grændúkuð borð, tilbúin til notkunar fyrir Norðurlandamót í opnum flokki og kvennaflokki. Það var mánudagur og tveir leikir framundan þann daginn.

Hópurinn

LÍÐIN tvö voru þessi: *Kvennaflokkur*: Esther Jakobsdóttir, Ljósbrá Baldursdóttir, Alda Guðnadóttir og Stefanía Sigurbjörnsdóttir. Fyrirliði var Ragnar Hermannsson. *Opinn flokkur*: Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Þröstur Ingimarsson og Bjarni Einarsson. Fyrirliði: Guðmundur Páll Arnarson. Tíu manna lið, styrkt með þremur mökum, Karli Zóphoniassyni eignmanni Estherar, Elínu Bjarnadóttur eiginkonu Jóns, og Guðrúnu Guðlaugsdóttur eiginkonu Guðmundar Páls.

Formið

SEX þjódir tóku þátt í mótinu og voru spilaðar tvær umferðir af 28 spila leikjum, fyrri helmingurinn á mánudagi og þriðjudegi (2 og 3 leikir), frí á miðvikudegi, en síðari hlutinn var spilaður á fimmtudegi og föstudagi, (3 og 2 leikir). Fjórir spiladagar, 10 leikir og samtals 280 spil. Töfluröðin var sú sama í báðum flokkum og báðum umferðum.



Sigursveit Norðmanna í opna flokknum skálar í kampavini eftir síðsta leikinn. Frá vinstri: Jon Egil Furunes, Terje Aa, Geir Helgemo, Per Erik Austberg og fyrirliðinn Erik Rynning.

Úrslit

NORÐMENN unnu opna flokkinn og Svíar kvennaflokkinn, en Ísland varð í þriðja og fimmta sæti:

Opinn flokkur

Noregur	180
Svíþjóð	159
Ísland	154
Danmörk	139
Færeyjar	131
Finland	122

Kvennaflokkur

Svíþjóð	189
Finland	185
Danmörk	180
Noregur	138
Ísland	102
Færeyjar	90

Það er erfitt að finna einfaldar skýringar á slæmu gengi, en augljóslega sat einhver þreyta í mannskapnum eftir ferðalagið. Það sést á því að fyrri hluti mótsins var mun lakari, sem er á skjön við það sem oftast er með íslensk lið:

<i>Opinn flokkur</i>	<i>Fyrri</i>	<i>Síðari</i>
Finland	13	13
Færeyjar	13	25
Noregur	15	11
Danmörk	7	14
Svíþjóð	25	18
Samtals	73	81

<i>Kvennaflokkur</i>	<i>Fyrri</i>	<i>Síðari</i>
Finland	8	4
Færeyjar	16	16
Noregur	4	16
Danmörk	12	15
Svíþjóð	3	8
Samtals	43	59

Sigurliðin

NORÐMENN voru sigurstranglegir í opna flokknum með fjóra reynda landsliðsspilara innanborðs, Helgemo, Aa, Furunes og Austberg. Fimmti maðurinn var kostari sveitarinnar, Erik Rynning, 57 ára viðskiptajöfur og liðtækur spilari, en ekki í sama styrkleikaflokki og hinir. Rynning spilaði hálf mótíð, eða 10 hálfleiki og þar af 9 við Helgemo og urðu þeir í miðjum flokki í butlerreikningnum. Norðmennirnir spiluðu annars þvers og kruss í blönduðum pörum og virtist það gefa ágæta raun.

Sænska sigurliðið í kvennaflokki var skipað tveimur pörum, Catarinu Midskog og Katrine Bertheau annars vegar, Ylva Karlsson-Uisk og Jenny Evelius Nohrén hins vegar. Midskog þekkja íslenskir spilarar vel, en hún er kona Magnúsar “okkar” Magnússonar.

Forþvingun Þorláks

HVERSDAGSLEG einföld kastþröng byggist m. a. á því skilyrði að sagnhafi eigi alla þá slagi sem eftir eru fyrir utan einn - þann sem hann hyggst þvinga fram. Ef slagatalningin er ekki rétt, má stundum leiðrétta hana með því að gefa slag og byggja þannig upp rétta "spennu". Þetta kalla enskir *to rectify the count*, eða að leiðrétta talninguna. En þvingun er til í mörgum myndum og ekki öllum jafn hversdagslegum. Stundum má ná fram kastþröng þótt ekki sé svigrúm til að leiðrétta talninguna, en þá er slagur gefinn *eftir* að þvingunin hefur unnið sitt verk. Slík kastþröng heitir á ensku *squeeze without the count*. Þórður Sigfússon hefur stungið upp á góðu íslensku heiti yfir þetta fágæta fyrirbrigði og kallar það *forþvingun*. Þorlákur Jónsson gerði Þórði þann heiður að vinna slemmu með forþvingun í fyrri leiknum við Norðmenn:

Norður
 ♠ D743
 ♥ G1043 N/Enginn
 ♦ K8
 ♣ K85

Vestur
 ♠ 9
 ♥ 9762
 ♦ G1065
 ♣ ÁD103

Austur
 ♠ 1086
 ♥ K5
 ♦ 97432
 ♣ 942

Suður
 ♠ ÁKG52
 ♥ ÁD8
 ♦ ÁD
 ♣ G76

Vestur	Norður	Austur	Suður
Furunes	Jón	Aa	Þorlákur
--	Pass	Pass	2 G
Pass	3 ♣	Pass	3 ♠
Pass	4 ♣	Pass	4 ♦
Pass	4 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	6 ♠ ///

Jon Egil Furunes kom út með tígul og Þorlákur horfði vondaufum augum á spil makkers. Hann hafði teiknað upp spaðadrottningu, rauðu kóngana og ein-spil í laufi, en ekki þessi ósköp. Þorlákur tók þrisvar tromp og spilaði svo hjartagosa úr borði - kóngur og ás. Hann tók á hjartadrottningu til að athuga hvort nían léti sjá sig, en svo var ekki. Þá var að spila laufi að blindum. Furunes dúkkaði réttilega og kóngurinn átti slaginn.

So far, so good, en Þorlákur hafði ekki trú á því að hjartað félli. Hann tók síðustu trompin tvö og henti tígulakóng úr borði í það síðasta. Spilaði svo tígulás í þessari stöðu:

Norður
 ♠ -
 ♥ 104
 ♦ -
 ♣ 85

Vestur
 ♠ -
 ♥ 97
 ♦ -
 ♣ ÁD

Austur
 ♠ -
 ♥ -
 ♦ 97
 ♣ 94

Suður
 ♠ -
 ♥ 8
 ♦ Á
 ♣ G7

Furunes henti ♣Á og Þorlákur fórnaði ♥4. Rak svo smiðshöggð á verkið með því að spila laufi í bláinn.

Við þetta má bæta:

- Ef Furunes hefði drepð strax á ♣Á leiðréttest talningin sjálfkrafa fyrir einfalda þvingun.
- Þórður á annað nýrði í textanum - *í bláinn*, sem er þýðing á ítölsku orðfari, *in bianco*.
- Helgemo spilaði líka og vann 6♥ á hinu borðinu, en fékk út hjarta upp í gaffalinn og þurfti ekki að fórna millispili undir kónginn.

Síðasta orðið

BOGI Simonsen, hinn gjörvulegi liðsmaður Færeyinga, átti síðasta orðið í mótinu og mæltist vel:

Norður
 ♠ Á986
 ♥ G A/Enginn
 ♦ ÁDG82
 ♣ D97

Vestur
 ♠ 53
 ♥ K1098764
 ♦ 106
 ♣ ÁG

Austur
 ♠ G10
 ♥ Á52
 ♦ 953
 ♣ K10632

Suður
 ♠ KD742
 ♥ D3
 ♦ K74
 ♣ 854

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bogi	Geir	Rói	Per Erik
--	--	Pass	Pass
1 ♠ !!	2 ♦	2 ♠	2 G
Pass	3 G	Allir pass	

Eftir að austur og suður höfðu sagt pass í upphafi sá Bogi sér leik á borði og vakti á 1♠ á tvílitinn! Geir Helgemo kom inn á tígulsögn og Rói á Rógvö Joensen átti, merkilegt nokk, rétta spilin til að styðja spaðann á tvílit. Þar með var spaðinn endanlega út úr myndinni sem tromplitur fyrir NS, en Norðmennirnir áttu góða fyrirstöðu í litnum og reyndu 3G á þeirri forsendu. Útspilið var þó ekki spaði, heldur hjarta, og vörmin tók niu fyrstu slagina. Síðasta spil í síðasta leik og Bogi fór glaður heim.

Fjórþraut úr mótinu

Svör á næstu blaðsíðu.

1. **Norður**
 ♠ 4
 ♥ D9764 A/NS
 ♦ KD73
 ♣ Á106

Suður
 ♠ D976
 ♥ --
 ♦ ÁG10964
 ♣ K52

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	Pass	1 ♦
1 ♠	2 ♥	2 ♠	3 ♦
Pass	4 ♠ *	Pass	5 ♦ ///

Þú spilar 5♦ í suður. Vestur kemur út með tromp og austur fylgir. *Hver er áætlunin?*

2. **Norður**
 ♠ Á76
 ♥ G964 N/Enginn
 ♦ K3
 ♣ ÁD92

Austur
 ♠ K9842
 ♥ K
 ♦ D98
 ♣ K1053

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	1 ♣	1 ♠	Pass
2 ♠	Pass	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥ ///		

Þú ert í austur í vörn gegn 4♥. Vestur spilar út spaðaþristi, þriðja hæsta, lítið úr borði og þú átt slaginn á kónginn, en sagnhafi fylgir með tíu. *Hvað nú?*

3. Þú átt í suður: A/AV

♠ G1097 ♥ 108543 ♦ 983 ♣ Á

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	2 ♦	Pass
3 ♦	Dobl	Pass	3 ♥
Pass	4 ♦	Pass	???

Austur opnar á veikum tveimur í tígli og vestur lyftir. Síðan lætur makker öllum illum látum. *Hvað er hann að fara með fjórum tígum og hvað viltu segja?*

4. Þú átt í vestur: N/Enginn

♠ 8752 ♥ G843 ♦ K962 ♣ 5

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	1 ♥	Pass	2 ♣
Pass	2 G	Pass	4 ♣ *
Pass	4 ♥ *	Pass	6 ♣ ///

*Lykilspilaspurning með lauf sem tromp og svarið er eitt lykilspil.

Hvert er útspilið?

1.

Norður
 ♠ 4
 ♥ D9764 A/NS
 ♦ KD73
 ♣ Á106

Vestur
 ♠ ÁKG105
 ♥ K103
 ♦ 82
 ♣ DG7

Austur
 ♠ 832
 ♥ ÁG852
 ♦ 5
 ♣ 9843

Suður
 ♠ D976
 ♥ --
 ♦ ÁG10964
 ♣ K52

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	Pass	1 ♦
1 ♠	2 ♥	2 ♠	3 ♦
Pass	4 ♠	Pass	5 ♦ ///

Útspil: ♦2.

Þetta spil vakti litla athygli, sem vonlegt er, kannski, því 5 ♦ vinnast léttilega með víxltrömpun ef vestur spilar út hámanni í spaða - sem er freistandi útspil, svo ekki sé meira sagt. Í leiknum við Dani vann Þorákur 5 ♦ eftir spaðaásinn út, en hinum megin spiluðu Danirnir þrjú grönd og fóru flatt á.

Eftir splinter-sögn norðurs er hins vegar töluvert vit í því að trompa út. Þá er ekki hægt að stinga spaða þrisvar í borði, svo sagnhafi gerir til að byrja með út á hjartað, reynir að trompa það frítt. Hann tekur slaginn í borði og stingur hjarta. Gefur svo slag á spaða og fær auðvitað tromp um hæl. Það er tekið í borði og hjarta stungið. Síðan eru hálitirnir trompaðir á víxl í tvígang og þá kemur í ljós að austur valdar hjartað, auk þess sem skiptingin lýkst upp. Staðan er:

Norður
 ♠ -
 ♥ D
 ♦ -
 ♣ Á106

Vestur
 ♠ Á
 ♥ -
 ♦ -
 ♣ DG7

Austur
 ♠ -
 ♥ Á
 ♦ -
 ♣ 984

Suður
 ♠ D
 ♥ -
 ♦ -
 ♣ K52

Vestur er sendur inn á spaðaásinn og neyðist þá til að opna laufið.

Þótt erfitt sé að sjá lokastöðuna fyrir í upphafi, þróast spilið óhjákvæmilega í þessa átt og ætti því að vinnast við borðið.

2.

Norður
 ♠ Á76
 ♥ G964 N/Enginn
 ♦ K3
 ♣ ÁD92

Vestur
 ♠ D53
 ♥ Á3
 ♦ G10765
 ♣ G74

Austur
 ♠ K9842
 ♥ K
 ♦ D98
 ♣ K1053

Suður
 ♠ G10
 ♥ D108752
 ♦ Á42
 ♣ 86

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bergdahl	Þorlákur	Andersson	Jón
--	1 ♣	1 ♠	Pass
2 ♠	Pass	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥ ///		

Útspilið er smár spaði og austur fær fyrsta slaginn á kónginn. Svíinn Tommy Andersson fann ekki vörnina gegn Jóni. Enginn hafði sagt honum að þetta væri úrslitastundin og hann spilaði spaða sofandi um hæl. Það var dýrt. Jón trompaði út tígulinn og spaðann áður en hann spilaði hjarta. Austur lenti inni og varð að gefa slag, spila laufið upp í gaffalinn eða spaða í tvöfalda eyðu. Vörnin er auðvitað sú að spila hjartakóng í öðrum slag og forðast þannig innkastið.

3.

Norður
 ♠ KD64
 ♥ ÁK A/AV
 ♦ 52
 ♣ KD743

Vestur
 ♠ 832
 ♥ DG976
 ♦ Á107
 ♣ G10

Austur
 ♠ Á5
 ♥ 2
 ♦ KDG64
 ♣ 98652

Suður
 ♠ G1097
 ♥ 108543
 ♦ 983
 ♣ Á

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bjarni	Bogi	Guðm.	Rói
--	--	2 ♦	Pass
3 ♦	Dobl	Pass	3 ♥
Pass	4 ♦	Pass	???

Spilið er frá síðari viðureigninni við Færeyinga. Rói var ekki með á nótnum, sagði 4♥ við 4♦ og þar dóu sagnir, hægt og hljótt. Þetta var þó ekki dýrt spil fyrir Færeyinga, því hin slæma hjartalega banar 4♠. Eigi að síður - hvað þýða 4♦? Er það slemmutilboð í hjarta eða kannski eitthvað þessu líkt: fjórtilur í spaða og lengra lauf? Spurðu makker!



Sænsku landsliðskonurnar Catarina Midskog og Katrine Bertheau brosmildar í lokahófinu.

4.

Norður
 ♠ Á94
 ♥ KD1096 N/Enginn
 ♦ G107
 ♣ 62

Vestur
 ♠ 8752
 ♥ G843
 ♦ K962
 ♣ 5

Austur
 ♠ 63
 ♥ 752
 ♦ ÁD854
 ♣ D74

Suður
 ♠ KDG10
 ♥ Á
 ♦ 3
 ♣ ÁKG10983

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	1 ♥	Pass	2 ♣
Pass	2 G	Pass	4 ♣ *
Pass	4 ♥	Pass	6 ♣ ///

* Spurning um kykilspil með lauf sem tromp.

Sex lauf var algengur samningur og vannst víða þegar vestur hitti ekki á tígulinn út. Jón og Þorlákur voru meðal þeirra heppnu. Sagnir voru auðvitað með ýmsu móti, en spurningin er hvort góð rök finnist fyrir tígulútspilinu eftir sagnröðina að ofan.

Hvað er vitað? Í fyrsta lagi að makker er með ás (eða laufkóng). Um spil suðurs er þetta að segja: Hann á mikla laufsleggju og a.m.k. aðra fyrirstöðu í hliðarlitum. Úr því hann hafði fyrst og fremst áhuga á ásafjöld makkers virðast spil hans vera afgerandi - ekki götött. Honum stóð t.d. á sama um tígulkónginn, svo kannski er hann stuttur í tígli, en þykkur fyrir í spaða. Sú staðreynd að makker meldaði ekki 1♠ við 1♥ styður þá tilgátu að suður sé með lengd í spaða. Ef makker á tígulásinn verður sennilega að hirða hann strax og tígulútspil getur ennfremur gefið ávinning ef suður á Áx og makker hjartaás og tíguldrottningu. Þetta eru einhver rök, en *after the fact* og það dregur úr gildi þeirra. En svona eru útspilin, það er aldrei á vísan að róa.

-GPA

EM Í MENTON

Nokkrir smíðagallar þóttu vera á fyrsta opna Evrópumótinu sem fram fór í Menton í Frakklandi dagana 14.-28. júní: Hitabylgja þjakaði keppendur í ókældum spilasölum, spila-bakkar víxluðust, farsímar ómuðu og tímasetningar héldu illa. Kvað svo rammt að þessu að forseti Bridssambands Evrópu, Gianarrigo Rona, baðst opinberlega afsökunar í mótsblaðinu og lofaði bót og betrun. En fall er fararheill og mótið er kærkomin nýjung fyrir bridsspilara á öllum stigum, bæði gallharða keppnisspilara og áhugamenn sem vilja sameina spilamennsku og frí. Keppnisgreinar eru fjölmargar í mismunandi flokkum og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



Ítalinn Gianarrigo Rona, forseti Bridssambands Evrópu, situr við tölvuskjá í herbergi blaðamanna á Hótel Höfn í Þórshöfn, en þar var Rona í afslöppuðu hlutverki gestsins. Meira mæddi á honum í Menton, þar sem hann var við stjórnvölinn við erfiðar aðstæður.

BYRJAD var á parasveitakeppni og þar gerði Magnús Eiður Magnússon garðinn frægan í sænsku liði undir nafni Kathrine Bertheau. Magnús spilaði við konu sína Catarinu Midskog, en Bertheau við Peter Nyström. Sveitin varð í 2. sæti af 118, en bandarísk sveit undir forystu Roy Wellands varð fyrsti Evrópumeistarinn í þessu nýja móti. Með honum spiluðu frúin, Christal Henner-Welland, og tvö önnur hjón, Robert og Jill Levin, og Debbie og Michael Rosenberg.

NÆSTA keppni var paratvímenningur. Tvö íslensk pör voru meðal keppenda, Þorlákur Jónsson og Anna Ívarsdóttir, og hins vegar Björn Theódórsson og Valgerður Kristjónsdóttir. 380 pör hófu keppni, en þau íslensku komst ekki í 52ja para úrslit. Sigur unnu Hollendingarnir Bep Vriend og Anton Maas.

ÞRIÐJA mótið var opin sveitakeppni, en þar var íslensk sveit meðal keppenda, skipuð þremur landsliðsþörum: Jóni Baldurssyni og Þorláci Jónssyni; Presti Ingimarssyni og Bjarna Einarssyni; og Stefáni Jóhannssyni og Steinari Jónssyni. Fyrst var sveitunum 137 skipt í 8 liða riðla þar sem markmiðið var að vera í einu af þremur efstu sætunum. Sveit *Baldurssonar* vann sinn riðil örugglega, en í næsta áfanga seig á ógæfuhliðina og liðið komst ekki inn í 27 sveita úrslit og var úr leik. Það voru Ísraelsmenn sem unnu, allt þaulvanir landsliðsmenn: Kalish, Podgur, Herbstbræður og Yadlinbræður. Samhliða fór fram sveitakeppni kvenna og "öldunga". Ítölsk sveit vann kvennaflokkinn: Capriata, Golin, Manara, Ferlazzo, Buratti og Forti, en öldungaflokkinn unnu Frakkar: Adad, Aujaleu, Lasserre, Poizat, Leenhardt og Salliere.

NÆST var það tvímenningurinn. Fjögur íslensk pör voru í hópi þeirra 338 para sem hófu keppni í opna flokknum: Jón/Þorlákur, Stefán/Steinar, Bjarni/Þröstur og svo Helgi Jónsson og Helgi Sigurðsson. Í fyrsta áfanga var skorið niður í 131 par og lifðu þrjú fyrsttöldu pörin þann skurð auðveldlega af, en Helgarnir dattu út. Síðan var skorið niður í 52 pör og eftir þá hrinu voru Jón og Þorlákur einir Íslendinga eftir í baráttunni. Þeim gekk hins vegar ekki vel í úrslitunum og enduðu í 43. sæti. Sigurparið var ekki að vinna sitt fyrst mót, en það voru þeir Jeff Meckstroth og Eric Rodwell. Kvennatvímenninginn unnu austurísku konurnar Maria Erhart og Jovanka Smederevc og Pólverjar hömпуðu titlinum í öldungaflokki (Omenik og Pochron).

Spil mótsins

FEURSTA spil mótsins átti Daninn Stig Werdelin, sá gamli refur:

Norður

♠ 74
♥ 53
♦ KG9875
♣ Á93

Vestur

♠ 95
♥ ÁK72
♦ D63
♣ 10742

Austur

♠ G10832
♥ 98
♦ 1042
♣ K65

Suður

♠ ÁKD6
♥ DG1064
♦ Á
♣ DG8

Werdelin reykti pípu á yngri árum og það hefur haft óafturkræf áhrif á spilamennskuna. Hann hreyfir ekki spil án þess að hugsa sig um í jafn langa tíma og það tekur að troða í pípustert. En tímann notar hann vel. Werdelin var sagnhafi í 3G og fékk út ♠9. Hann tók með kóng og spilaði ♥D, sem vestur dúkkaði. Hjartagosi kom næst og nú tók vestur og hélt áfram með spaðann. Werdelin drap og spilaði litlu hjarta, en vestur fékk slaginn ódýrt á sjöuna. Og skipti yfir í lauf, sem austur fékk á kóng og spilaði áfram laufi á gosa suðurs. Vörnin hafði fengið þrjá slagi og þetta var staðan:

Norður

♠ -
♥ -
♦ KG987
♣ Á

Vestur

♠ -
♥ Á
♦ D63
♣ 107

Austur

♠ G103
♥ -
♦ 104
♣ 5

Suður

♠ Á6
♥ 106
♦ Á
♣ D

Eftir tvo ímyndaða pípuhaua sá Werdelin lausnina. Hann tók ♦Á og svo ♠Á, sem hafði óþægileg áhrif á vestur. Ekki mátti vestur kasta tígli frá drottningunni og henti því laufi. Þá fórnaði Werdelin laufásnum úr borði!! Tók síðan ♣D og sendi vestur inn á hjartaás. Vestur átti aðeins tígul eftir og varð að gefa fría svíningu. Eggið.

Þú átt út!

NÆST skulum við líta á nokkur spil með Jóni og Þorláci. Fyrst er það útspilsþraut, sem Þorlákur stóð frammi fyrir í undanúrslitum tvímenningsins. Settu þig í hans spor með þessa héppa í vestur:

♠ 73 ♥ K10842 ♦ G9742 ♣ G

Suður er gjafari og opnar á Standardlaufi. NS eru á hættu, en AV utan:

Vestur	Norður	Austur	Suður
--	--	--	1 ♣
1 ♥	2 ♦	4 ♥	5 ♣
Pass	Pass	Dobl ///	

Þorlákur stingur sér létt inn á 1♥ út á stöðurnar og á síðan að spila út gegn 5♣ dobluðum. Hvert er útspil lesandans?

(Sjá næstu blaðsíðu.)

Norður

♠ KG2
♥ G75 S/NS
♦ ÁK1063
♣ 82

Vestur

♠ 73
♥ K10842
♦ G9742
♣ G

Austur

♠ Á10865
♥ ÁD93
♦ 8
♣ D64

Suður

♠ D94
♥ 6
♦ D5
♣ ÁK109753

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þorlákur	-	Jón	-
--	--	--	1 ♣
1 ♥	2 ♦	4 ♥	5 ♣
Pass	Pass	Dobl ///	

Með 2♦ lýsti norður því yfir að NS ættu styrkinn í spilinu. Í því ljósi ber að túlka dobl austurs - það er ekki viðskiptadobl, heldur tillaga um vörn. Þorlákur bjóst reyndar við eyðu hjá Jóni í tígli og spilaði því óskuvandað út tígultvistinum, sem var hliðarkall til að sýna hugsanlega innkomu á hjartakóng. Þorlákur varð fyrir nokkrum vonbrigðum þegar Jón trompaði ekki, en útspilið snardrap þó samninginn. Sagnhafi tók slaginn heima og lagði niður laufás. Þegar gosinn féll, hefði sagnhafi gjarnan viljað komast inn í borð til að svína fyrir drottninguna, en það var fyrirfram vonlaust dæmi, því þá gæti vörnin komið í kring stungu í tígli. Suður tók því laufkónginn og gafst upp. Ekki þarf að orðlengja það að spilið knallstendur með hjarta út. Gott dobl og gott útspil.

Í EFTIRFARANDI dæmi var Jón í vörn gegn 4♠ eftir ákafar slemmutilraunir suðurs:

Norður

♠ 1076
♥ ÁKG2 S/Enginn
♦ 54
♣ 9653

Austur

♠ G43
♥ 9876
♦ K103
♣ G92

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þorlákur	-	Jón	-
--	--	--	1 ♠
2 ♦	2 ♠	Pass	3 ♣
Pass	3 ♠	Pass	4 ♣
Pass	4 ♠ ///		

Þorlákur hittir á tígulásinn út og spilaði aftur tígli á kóng Jóns. *Hverju myndi lesandinn spila í þriðja slag?*

Norður

♠ 1076
♥ ÁKG2
♦ 54
♣ 8653

Vestur

♠ D
♥ 10543
♦ ÁDG876
♣ D7

Austur

♠ G43
♥ 9876
♦ K103
♣ G92

Suður

♠ ÁK9852
♥ D
♦ 92
♣ ÁK104

Jón hugsaði dæmið þannig: Suður á lauf-lit til hliðar við spaðann og reynir við slemmu þrátt fyrir að makker slái af með 3♠. Suður hlýtur að því að eiga a.m.k. ÁK í laufi og sennilega drottninguna líka. Eina vonin í slag til viðbótar er á tromp, og þá helst ef makker á drottningu staka. Þá er mikilvægt að taka strax af sagnhafa innkomuna á hjarta, áður en hann nær að leggja niður háspil í trompi. Með þessu hugarfari spilaði Jón því hjarta í þriðja slag, beint upp í gaffalinn! Sagnhafi kaus að yfirdrepa ♥D og henda niður laufum í hjarta, en gaf síðan slag á tromp. Spilið gaf Jóni og Þorláki hreinan topp, enda kom gott tvennt til: útspil Þorláks og hjarta Jóns í þriðja slag.

Að dúkka með stæl

FRAKKINN Jean-Christophe Quantin tók Jón í nefið í þessu spili með stílhreinu dúkkbragði:

Norður

♠ Á10543
♥ 752
♦ K93
♣ Á4

Vestur

♠ D72
♥ D98
♦ G6
♣ DG873

Austur

♠ KG9
♥ ÁG64
♦ Á82
♣ 965

Suður

♠ 86
♥ K103
♦ D10754
♣ K102

Vestur	Norður	Austur	Suður
Abecassis	Þorlákur	Quantin	Jón
--	--	--	Pass
Pass	1 ♠	Pass	1 G ///

Quantin og Michel Abecassis voru á mikilli siglingu þegar þetta spil kom upp í úrslitunum. Abecassis kom út með laufsjöu, fjórða hæsta, og Jón ákvað að hleypa heim á tíu. Það reyndist vel, en framhaldið var ekki eins áhrifaríkt. Jón spilaði tígli á kónginn sem Quantin gaf fumlaut! Jón spilaði næst tígli á tíuna og

gosa vesturs og þegar hjarta kom til baka var Jón dæmdur til að fara einn niður. Glæsileg vörn og nánast toppur í AV.

JÓN náði fram hefndum síðar með því að beita sama bragði og Quantin, en þó í mun óræðari stöðu.

Norður

♠ ÁK1072
♥ G3
♦ ÁD82
♣ DG

Vestur

♠ G963
♥ 4
♦ K764
♣ K1052

Austur

♠ D4
♥ ÁD1085
♦ 1093
♣ 964

Suður

♠ 85
♥ K9762
♦ G5
♣ Á873

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	-	Þorlákur	-
--	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 G	Pass	3 G ///

Jón kom út með lítið lauf, sem blindur átti og sagnhafi spilaði strax litlum tígli á gosann heima. Og Jón dúkkaði leiftur-snöggt! Þá spilaði suður ♠8 og hleypti yfir á drottningu Þorláks. Hann kom með lauf, sem Jón fékk á kónginn og spilaði tígli. Sagnhafi var lokaður fyrir tígullegunni og lét áttuna, svo Þorlákur fékk slaginn ódyrt á niuna. Þorlákur var svoltið hissa að fá slaginn, en spilaði loks laufi. Sagnhafi drap með ás og tók spaðann ofan frá. Þegar hann féll ekki sendi hann Jón inn á spaðagosa í þeirri von að fá einhverja hjálp. En það var litla hjálp að fá: Jón tók á ♣10 og spilaði hjarta. Þorlákur gaf suðri á kónginn og átti svo restina á hjarta: Þrír niður, 300 í AV og hreinn toppur. (Sagnhafi gat vissulega gert mun betur, en spilamenska Jóns í tíglinum ruglaði hann í ríminu.)

Eins og Alan Nelson

SPILARI frá Manchester, Alan Nelson að nafni, hefur lengi haft þann sið að hrósa sjálfum sér fyrir vel unnið verk við borðið með svofelldum orðum: "Ég spilaði þetta eins og Garozzo." Nelson var í Menton og þar var Garozzo líka. Eitt sinn borðuðu þeir á sama veitingastað og vinir Nelsons bentu honum á átrúnaðargoðið, sem sat við næsta borð. Nelson horfði á Garozzo í drjúga stund, en sagði svo hugsandi: "Hvað skyldi Garozzo segja þegar hann klúðrar spili: "Fyrirgefðu makker, ég spilaði þetta eins og Alan Nelson"?"

MÓTASKRÁ BSÍ

13. og 14. september
 27. og 28. september
 11. og 12. október
 17. og 18. október
 19. október
 25. og 26. október
 1. og 2. nóvember
 7. og 8. nóvember
 9. nóvember
 14. nóvember
 15. og 16. nóvember
 22. og 23. nóvember
 29. og 30. nóvember
 7. og 8. febrúar
 7. og 8. febrúar
 10. til 15. febrúar
 20. til 23. febrúar
 6. og 7. mars
 26. til 28. mars
 7. til 10. apríl
 30. apríl til 2. maí
 15. og 16. maí
 22. og 23. maí
 19. júní til 3. júlí
 25. október til 6. nóvember

Lokamót Sumarbríds
 Úrslit Bikarkeppninnar
 Kauphallartvímenningur (með fyrirvara)
 Íslandsmót í einmenningi
 Ársþing BSÍ
 Landsliðskeppni (með fyrirvara)
 Ísl.mót kvenna í tvímenningi
 Firmakeppni BSÍ
 Landsliðskeppni
 Landstvímenningur
 Ísl.mót eldri og yngri í tvímenningi
 Íslandsmót í parasveitakeppni
 Landsliðskeppni
 Ísl.mót kvenna og yngri í sveitakeppni
 Framhaldsskólamót
 NEC-mótið í Japan (landsliðsverkefni)
 Bridshátíð
 Landsliðskeppni
 Íslandsmót í sveitakeppni, undanúrslit
 Íslandsmót í sveitakeppni, úrslit
 Íslandsmót í tvímenningi
 Íslandsmót í paratvímenningi
 Kjördæmamót BSÍ
 Evrópumót í Malmö
 Ólympíumót í Istanbul

Frá Bikarunum

HRÓLFUR Hjaltason segir að hlutverk bikarkeppninnar sé að hafa af sér nokkra hringi í golfinu. Ásmundur Pálsson var feginn að geta hjápað Hrólfí með því að að skella honum í 16-liða úrslitum (þótt vissulega væri það á kostnað Björns Eysteinnssonar, sveitarfélaga Ásmundar, sem deilir skoðun Hrólfis í þessum efnun).

Norður

♠ 864
 ♥ G754
 ♦ KD108
 ♣ D5

Vestur

♠ D92
 ♥ Á82
 ♦ G965
 ♣ K64

Austur

♠ K1073
 ♥ K93
 ♦ 3
 ♣ 109873

Suður

♠ ÁG5
 ♥ D106
 ♦ Á742
 ♣ ÁG2

Vestur

Hrólfur
 --
 Pass
 Pass

Norður

Guðm. Páll
 --
 2 ♣
 2 G

Austur

Ragnar M.
 --
 Pass
 Pass

Suður

Ásmundur
 1 G
 2 ♦
 3 G ///

Ásmundur varð sagnhafi í 3G eftir áðurgreindar sagnir. Guðm. P. Arnarson var á móti Ásmundi, en Ragnar Magnússon á móti Hrófli. Báðir voru í hreinum auka-hlutverkum.

Ásmundur er vel lesinn í rökfræði Aristótelesar og beitti henni á móti Hrólfí. Rökhenda í anda Aristótelesar:

Forsenda-1: Bjórar eru dýr sem hafa atvinnu af stíflugerð.

Forsenda-2: Ásmundur Pálsson drekkur bjór.

Niðurstaða: Ásmundur Pálsson kann til verka við stíflugerð.

Hrólfur kom út með tígul (fjórða hæsta í besta lit) og Ásmundur átti slaginn í borði og spilaði hjarta á drottningu og ás. Hrólfur íhugaði nú vandlega hvaða kylfu hann ætti að nota en valdi svo *driverinn* - skipti yfir í smáan spaða. Ragnar lét kónginn og Ásmundur dúkkaði. Spaði kom til baka og nú beitti Ásmundur bjórbragðinu, stakk up ásnunum og stíflaði litinn! Hrólfur reyndi að komast úr *röffinu* með því að henda drottningunni undir, en kúlan lenti í steini og aftur út í röff. Stundum gengur bara ekki neitt.

Ásmundur átti nú auðtekna níu slagi, en Ragnar huggaði sig við að afblokkering Hrófls kostaði ekki neitt, því með spaðann stíflaðan nær sagnhafi alltaf að fría tvo slagi á hjarta.

Úrslit bikarkeppninnar fara fram helgina 27.-28. september. Hrólfur verður í golfi.

Spil austurs

Spil 1 ♠ ÁD86
 V/Enginn ♥ Á532
 ♦ G109
 ♣ 64

Spil 2 ♠ ÁG107532
 V/NS ♥ G106
 ♦ --
 ♣ Á76

Spil 3 ♠ 873
 V/NS ♥ --
 ♦ ÁK7
 ♣ ÁG98643

Spil 4 ♠ D8
 A/AV ♥ ÁG7
 ♦ ÁDG9643
 ♣ 5

Spil 5 ♠ 104
 V/AV ♥ 106
 ♦ ÁDG8
 ♣ KDG65

Spil 6 ♠ Á2
 V/AV ♥ ÁK106
 ♦ ÁD976
 ♣ Á2

Spil 7 ♠ ÁDG9
 A/NS ♥ KD6
 ♦ Á108
 ♣ Á109

Spil 8 ♠ Á752
 V/AV ♥ 8
 ♦ D9654
 ♣ ÁK4

Spil 9 ♠ G87
 A/NS ♥ ÁG65
 ♦ DG
 ♣ K1098

Spil 10 ♠ ÁG752
 A/NS ♥ ÁKG8
 ♦ 2
 ♣ Á83

